

Bæjarins besta

ÓHÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRÐUM

Miðvikudagur 22. janúar 1997 • 3. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

Suðureyrarhreppur

Rannsókn á viðskilnaði sveitarstjóra

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur nú til meðferðar beiðni lögmans Ísafjarðarbæjar, um opinbera rannsókn á viðskilnaði og fjárreiðum fyrirverandi sveitarstjóra á Suðureyri.

Málið kom upp þegar unnið var að milliuppgjöri á reikningum hjá sveitarfélaginu en

þá komu í ljós atriði sem stjórnendur Ísafjarðarbæjar vildu fá nánari skýringar á. Sveitarstjórinn sem um ræðir lét af störfum á síðasta ári og tók þá við starfi sparissjóðs- stjóra á Þórshöfn. Hann mun hafa sagt upp því starfi í byrjun þessa árs.

Héraðsdómur Vestfjarða

Málum fækkaði á síðasta ári

Málum sem bárust til héraðsdóms Vestfjarða á síðasta ári fækkaði lítillega frá árinu 1995, samkvæmt upplýsingum sem blaðið fékk frá dómnum fyrir helgi. Árið 1995 bárust dómnum 317 mál en á síðasta ári voru þau sextán færri, eða 301 talsins.

Gjaldþrotamálum fjölgaði um fjögur mál á milli árunna 1995 og 1996, úr 50 málum í 54. Einkamálum fækkaði hins vegar um 28, úr 199 málum í 171 mál. Sjóprófsmálum fjölgaði um sex mál, úr átta málum í fjórtán og ákærumálum fjölgaði um tvö mál, úr 60 í 62 mál.

Ísafjarðarflugvöllur

Upplýsingar um flug á Netinu

Beintengd vefsíða með nýjstu upplýsingum um flug Flugleiða og Flugfélags Norðurlands til Ísafjarðar er komin á Internetið. Á vefsíðunni eru upplýsingar um komu- og brottfarartíma flugvéla framangreindra flugfélaga og endurnýjast upplýsingarnar á þriggja mínútna fresti.

Á vefsíðunni eru flug Flugleiða merkt með bláum lit og flug Flugfélags Norðurlands með rauðum. Ef ófært er til Ísafjarðar koma fram athugasemdir, þar sem greint er frá

því hvenær flug skuli athugað næst. Þá er á vefsíðunni aðgangur að nýjstu veðurspá sem og að upplýsingum um flug til og frá Keflavíkurflugvelli. Vefsíðunni er haldið við af starfsmönnum Flugleiða á Ísafjarðarflugvelli en umsjónarmenn hennar eru þeir Gunnar Atli Jónsson og Björgvin Arnar Björgvinsson.

Þegar blaðið skoðaði vefsíðuna á mánudagsmorgun, höfðu 694 heimsóknir borist á síðuna. Netfang upplýsingasíðunnar er: <http://www.ismakk.is/flugleidir/>



Stórsigur KFÍ gegn Breiðablik

Lið KFÍ vann stórsigur á botnliði úrvalsdeildar, Breiðabliki, í íþróttahúsinu á Torfnesi á laugardag. Lokatölur leiksins urðu 92-63 fyrir heimamenn. Með KFÍ lék nýjasti leikmaður liðsins, Kanadamaðurinn Chiedu Odiatu, og stóð hann sig vel, þrátt fyrir að hafa aðeins náð að mæta á eina æfingu fyrir leik. Ungir áhængendur KFÍ flyktust að Chiedu í leikslok og hafði hann í nógu að snúast við að gefa þeim eiginhandarátitanir.

Fyrrum framkvæmdastjóri Júpiters hf.

Ákærður fyrir 22,7 milljóna króna skattalagabrot

Ríkissaksóknari hefur höfðað opinbert mál fyrir héraðsdómi Vestfjarða á hendur fyrrum framkvæmdastjóra Júpiters hf., í Bolungarvík, sem úrskurðað var gjaldþrota 16. apríl 1993, fyrir brot á lögum um virðisaukaskatt, brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og fjárrátt. Nýtt þinghald í málinu fer fram 26. febrúar nk., og er málflutningur ráðgerður í mars.

Ákærða er gefið að sök að hafa eigi staðið innheimtumanni ríkissjóðs skil á virðisaukaskatti sem félagið hafði innheimt á árunum 1992 og

1993, samtals að fjárhæð kr. 11.184.010. Þá er ákærða gefið að sök að hafa eigi staðið ríkissjóði skil á kr. 8.978.419, sem haldið hafði verið eftir af launum starfsmanna félagsins á árunum 1992 og 1993, samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, sbr. lög nr. 90/1987. Ákærða er einnig gefið að sök að hafa eigi staðið Lífeyrissjóði Bolungarvíkur skil á lífeyrissjóðsgjöldum, samtals kr. 2.630.575, sem haldið var eftir við útborgun launa starfsmanna félagsins á árunum 1992 og 1993, til greiðslu iðgjalda

þeirra til lífeyrissjóðsins.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess að ákærði verði dæmdur fyrir framangreint brot. Ákærði kvaðst fyrir héraðsdómi ætla að halda uppi vörnum í málinu, en sagðist engu að síður vera reiðubúinn að tjá sig stuttlega um ákærana. Hann taldi sig ekki hafa gerst brotlegan við þau ákvæði laga, sem tilgreind eru í ákæru, en varðandi 1. og 2. kafla ákæruskjals, er lítur að broti á lögum um virðisaukaskatt og broti á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, sagði ákærði hafa verið í gildi samkomulag milli Júpiters hf.,

og innheimtumanns ríkissjóðs um skil á umreiddum gjöldum. Þá hafi einnig verið fyrir hendi samkomulag milli félagsins og Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur um skil á lífeyrissjóðsgjöldum.

Ákærði kvaðst því hvorki hafa gerst sekur um fjárdrátt, né brotið gegn lögum um virðisaukaskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda eða 262. gr. almennra hegningarlaga. Sigmundur Hannesson hrl., hefur verið skipaður verjandi ákærða í málinu en Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Ísafirði, sækir málið af hálfu ákærvaldsins.

Blaðsíða 6

Kvótakerfið er eins og krabbamein

Blaðsíða 9

Sólarskáldið Guðmundir Ingi níræður

Blaðsíða 12

Kaupir Ísafjarðarleið keppinautinn?

Spurningin

Eru Vestfirðingar á netflugi?



Arnór Jónatansson, umdæmisstjóri Flugleiða á Ísafirði:

„Þetta er sett upp sem prufa til að byrja með og ætlunin er að gefa fólki færi á að fylgjast með fluginu með hjálp þessara síðu. Þarna eru upplýsingar er varða flug dagsins t.d. hvort það er fært eða ekki, veðurspá og eins hvort flug er á áætlun. Við byrjuðum á þessu 16. janúar og viðbrögðin hafa verið nokkuð góð og menn sem eru mikið á netinu eru mjög ánægðir með þetta.“

Netfarar hér vestra eiga þess nú kost að fylgjast með áætlunarfliði Flugleiða og Flugfélags Norðurlands á Internetinu. Viðbrögðin hafa verið mjög góð og hafa um 100 heimsóknir verið á síðuna daglega frá uppsetningu hennar. Síðan er einkaframtak starsfsmanna Flugleiða á Ísafjarðarflugvelli.

Sautján ára bolvískur hjálparveitarmaður

Lenti í snjóflóði í Esjunni

Gestur Pálmason, 17 ára bolvískur félagi í Hjálparveit skáta í Garðabæ, barst um 150-200 metra með snjóflóði í Grafadal í Esju á sunnudag, er hann var við æfingar með félögum sínum. Gestur var fastur í snjóflóðinu í um hálf

klukkustund en þá tókst félögum hans að grafa hann upp. Í fyrstu var talið að hópur hjálparveitarmanna hefði lenti í flóðinu, en síðar kom í ljós að fimm höfðu lenti í flóðinu og tókst fjórum þeirra að krafla sig úr því strax.

Talið er að Gestur hafi verið á nær tveggja metra dýpi er hann fannst. Þar sat hann fastur en hafði samt ákveðið rými til að anda. Gestur var með snjóflóðaylu innan á sér og er talið fullvíst að það hafi flýtt mjög fyrir því að hann fannst. Gestur

slapp án meiðsla en var nokkuð kaldur fyrst eftir að hann hafði verið grafinn upp úr snjónum. Gestur er sonur leikarans góðkunnna Pálma Gestssonar og Soffíu Vagnsdóttur, sem bæði eru fædd og uppalin í Bolungarvík.

Námskeiðahald fyrir atvinnulausa á Þingeyri

Ekki hægt að ætlast til þess að við förum að keyra til Flateyrar

Í desember s.l. var, að undirlagi félagsmálastjóra Ísafjarðarbæjar, sett á stofn nefnd atvinnulausa á Þingeyri. Að sögn Valdísar B. Kristjánsdóttur, eins nefndarmanna, stendur nefndin fyrir opnu húsi einu sinni í viku þar sem fólk kemur saman til skrafs og ráðagerða. „Við erum búin að vera á fullu við að setja á laggirnar tölvunámskeið fyrir atvinnulausa sem byrjaði 20. janúar. Það eru tveir 13 manna hópar í gangi og verður til að byrja með kenndur vélbúnaður tölvunnar og ritvinnsluforritið Word. Við höfum einnig sett upp aðstöðu fyrir fólk sem hefur áhuga á smíðum og þess háttar og höfum opið þar tvisvar í viku. Einnig er í bígerð ýmislegt annað sem ekki hefur verið endanlega ákveðið og get ég nefnt í því sambandi fyrirhugað vélavarna námskeið og fiskvinnslunámskeið.“

Valdís var innt álits á gagnrýnisróddum sem hafa beinst að Þingeyringum vegna tregra þeirra til að sækja vinnu t.d. á Flateyri þar sem skortur hefur verið á starfsfólki. „Það er ekki hægt að ætlast til að við förum að keyra til Flateyrar, - fólk sem er með börn hér á leikskóla þarf að fara fyrir af stað og kemur seinna heim. Fólk er heldur ekki hrifið af að keyra t.d. Gemlufallsheiðina þar sem nýlega varð alvarlegt slys eins og flestir vita, og Hvilftarströndina út á Flateyri sem er þekkt snjóflóðasvæði.“ Valdís sagði að hún vissi til að einhverjir Þingeyringar væru komnir í vinnu á Suðureyri en taldi upp á að einhverjir þeirra væru þar að staðaldri. „Bæði Freyja á Suðureyri og Bakki í Bolungarvík hafa auglýst eftir fólki hérna en ég veit ekki til þess að Flateyringar hafi auglýst.“

Nýtt söluumboð fyrir bifreiðar frá Heklu hf.

Bílagarður tekur til starfa

Nýtt fyrirtæki á Ísafirði, Bílagarður ehf., hefur tekið við söluumboði nýrra bifreiða frá Heklu hf., í Reykjavík. Bílagarður, sem er í eigu þeirra Sævars Hjörvarssonar og Sigurðar Óskarssonar, eigenda Eyrarsteypu ehf., verður til húsa að Grænararði á

Ísafirði, og hefst starfsemin með mikilli bíla-sýningu, laugardaginn 1. febrúar nk. Samhliða opnun bílasöluunnar, opnar Bílagarður nýja varahlutaverzlun, þar sem boðið verður upp á algengustu bílavarahluti frá Stillingu hf., í Reykjavík. Að sögn Sævars Hjörvarssonar,

verður í fyrstu einungis boðið upp á nýjar bifreiðar en áætlanir standa til að hefja sölu á notuðum bílum innan eigi langs tíma. Viðgerðarþjónusta fyrir bifreiðar frá Heklu verður áfram sem hingað til hjá Bílaverksæði Sigurðar og Stefáns á Ísafirði.



Bílagarður verður til húsa að Grænararði á Ísafirði.



Kópavogur

Til heiðurs skáldinu Guðmundi Inga

Sunnudaginn 26. janúar mun Önfirðingafélagið í Reykjavík efna til afmælishátíðar í tilefni 90 ára afmælis Guðmundar Inga Kristjánsdóttur, skálds og bónda á Kirkjuból í Bjarnardal, en það var 15. janúar s.l. Hátíðin, sem haldin verður í Digraneskirkju í Kópavogi, hefst kl. 20 og verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá til heiðurs hínu aldna skáldi. Mikill fjöldi listamanna mun koma fram m.a. Sigrún Hjálmtýsdóttir, Anna Guðný Guðmundsdóttir og Karlakór Reykjavíkur. Önfirðingafélagið skorar á sem flesta að mæta en forsala aðgöngumíða verður laugardaginn 25. janúar kl. 10-14, í Álfaborg, Knarrarvogi 4 í Reykjavík.

Bæjarins besta

Stofnab. 14. nóvember 1994

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólögötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
☐ 456 4564

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

Netfang:

hprent@snerpa.is

Stafræn útgáfa:

http://www.snerpa.is/bb

Lafði Díana

Þegar frammámenn hins vestræna heims taka sig háfíðlega, tala þeir af fjálgleik um hversu gott við eigum að búa við lýðræðislegt stjórnarfar, sem svo er nefnt. Þar sé ólíku saman að jafna við löndin þar sem einræðisseggir skammta almúganum skít úr hnefa í skjóli hervalds, meðan þeir sjálfir baða sig í gullhaugum líkt og Jóakim frændi.

Þetta er allt saman gott og blessað. Þegar okkar sjálfumglöðu leiðtogar mata okkur á lýðræðisást sinni eru þeir snillingar í að gleyma hversu gjarnt þeim er að hundska almenning eða gera lítið úr skoðunum hans og afstöðu. Þessi áratla leiðtoganna birtist einkum með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með algjörrri þögn, þeir þegja hlutina í hel, og í annan stað með yfirlýsingum um þekkingarleysi viðmælenda í viðkomandi máli.

Hin eina og sanna lafði Díana vogaði sér fyrir nokkru að hvetja leiðtoga þjóða til að taka höndum saman um að banna notkun jarðsprengja. Árlega örkumlast og deyja um þrjátíu þúsund manns, einkum börn, af völdum þessa hættulega vopns, sem ómögulegt er að forðast. Viðbrögð stjórnmálaleiðtoga við orðum Díönu voru effirtektarverð. Leiðtogar breska íhaldsflokksins umturnuðust og sökuðu prinsessuna um gáleysislegt tal og þekkingarleysi.

Sérfræðingar í stríðsrekstri voru kallaðir til vitnis. Vel má vera að lafðina skorti þekkingu á hagsmunum vopnaframleiðenda og á refilstigum stjórnmálanna. Henni kom gott eitt til og voru ljósar afleiðingar þessa hræðilega vopns, sem börn að leik eru varnarlaus fyrir. Hvað sem líður geðveikiskasti stjórnmálanna út af orðum prinsessunnar á hún þakkar almennings skilið.

Íslenskir stjórnmálamenn hafa í ríku mæli tileinkað sér þagnar- og þekkingarleysistæknina, þegar afstaða almennings kemur þeim illa. Þegar óþægilegar spurningar eru bornar fram, kjósa þeir að þegja. Bréfum og blaðagreinum er ekki svarað. Fólk er ekki virt viðlits. Komist þeir ekki upp með þögnina er gripið til ásökunarinnar um þekkingarleysi. Hver kannast ekki við þetta algenga svar stjórnmálamannsins: Þú skilur þetta ekki! Þetta er á misskilningi byggð! Þar með er málið afgreitt. Því miður virðast æði margir sveitarstjórnarmenn vera litlir effirbátar fyrirmyndanna á alþingi og í stjórnmálaflökunum.

Afskipti lafði Díönu komu við kaunin á hagsmunaaðilum, sem voru fljótt að kippa í spottann á stjórnmálamönnunum. Hagsmunaaðilum, sem ráða ferðinni í heimi stjórnmálanna. Það fyrirbrigði þekkjum við vel hér á landi.

s.h.

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Ákæran kom mjög á óvart

Fyrirverandi framkvæmdastjóri Júpíters hf., í Bolungarvík hafði samband við blaðið og vildi koma eftirfarandi á framfæri vegna opinbers máls sem ríkissaksóknari hefur höfðað á hendur honum, en þar er framkvæmdastjórinn fyrirverandi ákærður fyrir 22,7 milljóna króna skattalagabrot. „Í fyrsta lagi eru liðin tæp fjögur ár frá gjaldþroti Júpíters hf. Þær skuldir sem nú er ákært fyrir voru ljósar þá, og engin tilraun var gerð til að draga þar nokkurn hlut undan, allar skýrslur lágu skýrar fyrir.

Í öðru lagi lá fyrir samkomulag við Lífeyrissjóð Bolungar-

víkur um greiðslu iðgjalda. Jafnframt var í febrúarmánuði 1993 gert greiðslusamkomulag við sýslumanninn í Bolungarvík um greiðslu þeirra vanskila á staðgreiðsluigjöldum og virðisaukaskatti sem þá voru til staðar.

Í þriðja lagi er það ljóst að enginn ákveður að biðja um gjaldþrotaskipti fyrir en eftir að allar hugsanlegar leiðir hafa verið reyndar. Í tilfalli Júpíters var hvoru tveggja reynt, að fá nýja hluthafa til liðs, og kannað með sölu skipsins. Hvorug leiðin tókst, og gjaldþrot var staðreynd. Það að biðja um gjaldþrot, er ekki lögbrot. Við

gjaldþrot duga ekki eignir fyrir útistandandi skuldum. Í flestum tilfellum er um vanskil að ræða á ýmsum rekstrargjöldum þ.m.t. launatengdum gjöldum og svokölluðum vörslusköttum. Í túlkun laganna heitir það fjárdráttur ef fyrirtæki skilar ekki inn lífeyrissjóðgjöldum. Þar er ekki um það að ræða að fjármunum hafi verið stungið undan af framkvæmdastjóra eins og einhverjir gætu skilið fréttáflutning af slíkum málum. Algengara er að það sé eins og í mínu tilvikum, að framkvæmdastjóri verði fyrir fjárhagslegu tjóni með því að hluti af launum hans tapast, en hann er eini

starfsmaðurinn sem ekki fær þau bætt við gjaldþrot. Það er því sjaldnast af ásetningi að umrædd gjöld eru ekki greidd. Rekstrartekjur duga einfaldlega ekki fyrir öllum þeim greiðslum sem standa þarf skil á, peningarnir eru ekki til staðar. Því verður ekki trúað að tilgangur lagasetningarinnar hafi verið að lögsækja menn við aðstæður sem þessar.

Í fjórða lagi er hægt að fullyrða að í tilvikum Júpíters hf., er ekki hægt að ásaka stjórnendur fyrir að of seint hafi verið beðið um gjaldþrotaskipti, eins og reyndin er í sumum tilvikum. Í sjávarút-

veginum eru oft meiri sveiflur en í öðrum greinum. Ekki síst hvað varðar uppsjávarfiska. Þótt lægð hafi verið í verði loðnuskipa á vormánuðum 1993, var stutt í uppsveifluna. Þannig má benda á, að 1. júlí 1993, aðeins tæpum þremur mánuðum eftir gjaldþrotið, hófst mesta ævintýrið til þessa í loðnuveiðum Íslendinga. Það má því til sanns vegar færa að aðeins hefði þurft þrjá mánuði til viðbótar til að bjarga fyrirtækinu frá gjaldþroti og lána-drottinum frá skaða þeirra. Þess skal getið hér að skipið var selt eftir gjaldþrotið á kr. 225.000.000.- með öllum afla-

heimildum sínum. Með því misstu Vestfirðingar eina loðnukvóta sinn. Þar að auki er mikið horft til aukinnar síldveiði, þar sem stór og öflug skip eins og Júpíter duga best. Vegna góðrar afkomu í veiðum og vinnslu loðnu og síldar hefur verið nótaskipa og aflaheimilda í síld og loðnu hækkað verulega. Varlega áætlað er söluverðmæti Júpíters nú með þeim aflaheimildum sem skipið hafði, 800-900 milljónir króna.”

Björgunarskóli Landsbjargar og SVFÍ

Fyrirlestur um mat á snjóflóðahættu

Björgunarskóli Íslands og Slysavarnafélag Íslands standa fyrir fræðslufundi um mat á

snjóflóðahættu fyrir ferðamenn í Skátaheimilinu á Ísafirði, á morgun, fimmtudaginn 23. jan-

úar og hefst fundurinn kl. 20. Á fræðslufundinum, sem áætlað er að standi yfir á þriðju

klukkustund, verður meðal annars fjallað um snjóþekjuna, leiðarval í fjalllendi, viðbrögð

við snjóflóði og öryggisbúnað. Fundurinn er ætlaður öllum sem ferðast utan alfaraleiðar að vetri til, hvort sem þeir eru gangandi, á skiðum, á vélsleðum eða öðrum ökutækjum. Í frétt frá skólanum segir að atburðir síðustu helgar, þar sem a.m.k. þrjár aðilar lentu í snjó-

flóði hér á landi, sýni svo ekki verið um villst, að full ástæða er til að ferðamenn auki þekkingu sína á snjóflóðum sem og þeim hættum sem þau hafa í för með sér. Þátttökugjald fyrir fyrirlesturinn er 1.000 krónur og er veglegt fræðslurit innifalið.

Ísafjörður

Hljómsveitin Rós tekur til starfa

Hljómsveitin Rós, sem er nýtt innlegg til tónlistarflutnings á Ísafirði, hefur nú hafið starfsemi og hyggst hasla sér völl á öldurhúsum Ísafjarðarbæjar og nágrennis. Hljómsveitina skipa þau Þórunn Snorradóttir, Jón H. Engilbertsson og Alfreð Erlingsson en þau léku m.a. með hljómsveitinni Dolby um árabíl við góðan orðstír.

Að sögn Alfreðs Erlingssonar, hljómborðsleikara sveitarinnar, er ætlunin að leika tónlist í víðasta skilningi þess orðs og verður hún ætluð öllum aldurshópum. Hljómsveitin, sem formlega var stofnuð í haust, hefur verið við æfingar í nokkrar vikur og er nú tilbúin í slaginn. Alfreð segir að hljómsveitin hafi tekið tæknina í þjónustu sína til að fá meiri breidd í



Alfreð Erlingsson, Jón H. Engilbertsson og Þórunn Snorradóttir.

hljóðfæraleikinn og að það muni gefa mun meiri möguleika bæði í hljómi og lagavali. Þeim sem áhuga hafa á

að nýta sér þjónustu hljómsveitarinnar er bent á að Alfreð sér um bókanir í síma 456 4027.

Hótel Ísafjörður

Andblær liðinna tíma

Menningarmiðstöðin Edinborg, Litli Leikklúbburinn, Hótel Ísafjörður og Byggðasafn Vestfjarða hafa ákveðið að efna til þorablóts á Hótel Ísafirði, laugardaginn 8. febrúar nk. Á þorablótinu verða flutt fjölbreytt skemmtiatriði, tónlist, rímur og fleira auk þess sem stígginn verður

léttur dans við undirleik harmonikkú-hljómsveitar. Í frétt frá Hótel Ísafirði segir að þorra verði blótað í þjóðlegum stíl, með trogi á borðum, fullu af hákarli, harðfiski, súrmat, sviðum og fleira góðgæti sem tilheyrir þessum árstíma. Miðasala og upplýsingar um þorablótið fást á Hótel Ísafirði.



Hótel Ísafjörður hefur ákveðið að efna til vestfirskis þorablóts í samvinnu við þrjá aðra aðila.

Sama dag munu Vesturferðir á Ísafirði efna til „smakkferðar“ um Ísafjarðarbæ og nágrenni. Farið verður í söfnin í Ósvör og Neðstakaupstað

og í hákarls- og harðfiskverkun þar sem smakk-aður verður vestfirskur þorramatur. Skráning í ferðina er hjá Vesturferðum í síma 456 5111.

Þakkir

Innilegar þakkir færi ég öllum þeim sem glöddu mig á 75 ára afmælinu, með góðum gjöfum, kveðjum og heimsóknum.

Einnig þakka ég öllum þeim sem veittu mér ómetanlega aðstoð að þessu tilefni. Óska ég ykkur farsældar um alla framtíð.

Arnór Stígsson.

Atvinna

Starfskraftur óskast til almennra prentsmiðjustarfa. Um er að ræða framtíðarstarf.

Nánari upplýsingar gefur Halldór í síma 456 4560.

H-PRENT



Atvinna

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur ungt starfsfólk í veitingasali og í önnur störf.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri alla virka daga frá kl. 8:00 - 17:00.



Frá leik Harðar og Ögra í íþróttahúsinu á Torfnesi á sunnudag.

KFÍ vann stórsigur á Breiðablik

Hörður tapaði fyrir Ögra

Lið Harðar frá Ísafirði tapaði fyrir Ögra frá Reykjavík í leik liðanna sem fram fór í íþróttahúsinu á Torfnesi á sunnudag. Lokatölur leiksins urðu 23-22

fyrir gestina, sem einnig leiddu í hálfleik með 15 mörkum gegn 12.

Leikmenn Ögra, sem allir eru heymarskertir, fögnuðu vel

í leikslok, enda var hér um að ræða fyrsta sigur þeirra á keppnistímabilinu. Á laugardag tóku KFÍ-menn á móti Breiðabliki frá Kópavogi í úr-

valsdeildinni í körfuknattleik. KFÍ-menn sigruðu með 29 stiga mun, 92-63, eftir að gestirnir höfðu haft yfirhöndina í hálfleik, 30-35. Hinn nýi leikmaður KFÍ, Chiedu Odiatu, lék sinn fyrsta leik með liðinu á laugardag og stóð hann sig vel þrátt fyrir að hafa aðeins komist á eina æfingu með liðinu fyrir leik.

Stigahæstir í liði KFÍ voru þeir Derrick Bryant með 16 stig, Baldur Jónasson með 14 stig, Guðni Guðnason með 12 stig, Friðrik Stefánsson með 10 stig og Chiedu Odiatu með 9 stig.

Derrick Bryant var stigahæstur í liði KFÍ á laugardag með 16 stig.



Einn leikmanna Ögra á ættir sínar að rekja til Vestfjarða, en það er Arnar Ægisson sem hér sést með frændfólki sínu, þeim Pálinu Jóhannsdóttur og Jóhanni Torfasyni. Arnar er sonur Ægis Hallbjörnssonar, sem ættaður er frá Súgandafirði, en starfaði um nokkurra ára skeið hjá Vélsmiðjunni Þór hf., á Ísafirði.



Pantanasíminn er 456 3367



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547



Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús:

Bakkavegur 25: 154m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 8.700.000,-
Engjavegur 12: 210m² einbýlishús á tveimur hæðum, ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.000.000,-
Fagraholt 2: 160m² einbýlishús á

einni hæð ásamt tvöföldum bílskúr. Tilboð óskast.
Fagraholt 12: 156,7m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á eyrinni möguleg. Tilboð óskast.
Hafraholt 14: 144,4m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
Hafraholt 28: 144,4m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr.



Líðarvegur 27: 76m² íbúð á efri hæð tvíbýlishúsi ásamt 35m² bílskúr. Mögulegt að taka bíl uppí Verð: 5.500.000,-



Stórholt 7: 116m² 4ra herbergja íbúð á 1. hæð til vinstri í fjölbýlishúsi. Verð: 7.400.000,- **74,6 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi.** Verð: 5.100.000,- **74,6 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi.** Verð: 5.300.000,-

Verð: 9.500.000,-
Hjallavegur 19: 242m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Verð: 12.700.000,-
Hlíðarvegur 26a: 120m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 6.700.000,-
Hlíðarvegur 38: 183,2m² raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-
Hrannargata 4: 257,6m² einbýlishús á 3 hæðum ásamt kjallara og bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Tilboð óskast.
Miðtún 31: 190 m² endaraðhús, norðurendi á tveimur hæðum. Tilboð óskast.
Skipagata 11: 78 m² einbýlishús á tveimur hæðum Verð: 5.000.000,-
Stakkanes 4: 144 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti möguleg á Eyriinni. Verð: 9.900.000,-
Stakkanes 6: 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Verð: 11.600.000,-
Sunnuholt 6: 231,7m² einbýlishús

á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 13.500.000,-
Urðarvegur 26: 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-

4-6 herbergja íbúðir

Aðalstræti 19: 110m² 5 herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.800.000,-
Engjavegur 17: 92,6m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 7.100.000,-
Engjavegur 31: 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Milkið uppgærd. Verð: 5.900.000,-
Fjarðarstræti 13: 80m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 6.200.000,-
Fjarðarstræti 38: 130m² 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þríbýlishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 6.500.000,-
Pólgata 4: 76 m² 5 herbergja íbúð á 3 hæð í þríbýlishúsi. Verð: 3.500.000,-

Pólgata 4: 136 m² 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þríbýlishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-
Seljalandsvegur 20: 161,2m² 5-6 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt stórum bílskúr. Mjög fallegt útsýni. Verð: 10.700.000,-
Stórholt 11: 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílageymslu. Íbúðin er laus um áramót. Verð: 7.800.000,-
Stórholt 13: 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi, ásamt bílskúr. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 7.800.000,-
Tangagata 20: 70m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Engar áhvilandi skuldir. Verð: 3.800.000,-
Túngata 12: 98,9m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þríbýlishúsi. Milkið uppgærd. Verð: 6.700.000,-
Urðarvegur 25 - Hraunprýði: 155m² 5-6 herbergja íbúð á 2 hæðum að hluta í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Tilboð óskast.
Urðarvegur 45: 131,2m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 7.500.000,-

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 98m² íbúð á 2. hæð t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sérgeymslu. Verð: 7.200.000,-
Seljalandsvegur 67: 107m² íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 6.000.000,-
Stórholt 9: 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-
Stórholt 11: 80m² íbúð á 3 hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-
Stórholt 11: 80 m² íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-
Stórholt 11: 72,6m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 4.500.000,-

2ja herbergja íbúðir

Hlíf II: 50,4 m² íbúð á 4 hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6.100.000,-
Urðarvegur 78: 73m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.400.000,-



Engjavegur 21: 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.900.000,-

Samstarfsaðila leitað

Á næstu vikum eða mánuðum hyggur Samskip hf. á stofnun flutningamiðstöðvar á Vestfjörðum með aðalstöðvar á Ísafirði. Að sögn Gunnars Jónssonar, umboðsaðila Samskipa á Ísafirði, verður þetta svipuð flutningamiðstöð og Samskip hefur sett upp fyrir sunnan, norðan og austan og

verður um að ræða flutninga bæði með bílum og skipum. Hann segir að þarfir þeirra sem kaupa flutning séu þess eðlis að skipaferðir einar og sér dugi ekki. „Ef menn ætla sér að vera í þessum flutningabransa þá verða þeir að geta boðið fjölbreytta kosti hvað varðar t.d. tíðni ferða og kostnað.“

Samskip leitar nú að samstarfsaðila um landflutningana og mun hafa átt í viðræðum við nokkra aðila hér vestra um það mál. Áætlað er að Flutningamiðstöð Vestfjarða á Ísafirði verði til húsa í svokölluðum Sultartanga, sem er húseign Norðurtangans við Sundahöfn, en Djúpbáturinn hf. er þar einnig

til húsa á efri hæð.

Skipaafgreiðsla Gunnars Jónssonar, sem hefur verið með afgreiðsluumboð fyrir Samskip hf., verður ekki hluti af hinu nýja fyrirtæki en mun halda áfram sinni eigin starfsemi svo sem verið hefur, m.a. við móttöku erlendra skipa á Íslandi og fleiru.

Sala Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á Ísafirði

Sala á tóbaki minnkaði um tæpar þrjátíu milljónir króna

Sala á áfengi og tóbaki hjá verslun Á.T.V.R. á Ísafirði, minnkaði um rúmar 41,6 milljónir króna milli árana 1995 og 1996, samkvæmt útreikningum blaðsins, sem byggðar eru á sölutölum verslunarinnar. Ástæðuna fyrir söluminnkuninni má að hluta til rekja til minni neyslu, en stærsta skýringin mun vera sú að stjórnendur veitingahúsa á svæðinu, kaupa nú stærstan hluta af áfengi og tóbaki beint frá heildsölum auk þess sem sala í póströfu á suðurfirði Vestfjarða hefur verið hætt á vegum útsölnunar á Ísafirði. Heildarsala Á.T.V.R. á Ísafirði, nam á síðasta ári, tæpum 273,8 milljónum króna á móti 315,4 milljónum króna árið 1995. Samkvæmt upplýsingum blaðsins eru um fjögur þúsund manns á kjörskrá á útsölsvæði verslunarinnar. Ef gert er ráð fyrir að 75% þeirra neyti áfengis eða tóbaks, eyðir hver einstaklingur um 91 þúsund krónum á ári í framangreindar vörur. Er þá ekki meðtalin sú eyðsla sem á sér stað á vínveitingahúsum á svæðinu.

Sala áfengra drykkja nam tæpum 159,3 milljónum króna á síðasta ári og reyndist sala á áfengum bjór vera 55,9 milljónir af þeirri fjárhæð. Sala á tóbaki var 114,5 milljónir króna, sem er söluminnkun upp á 29,8 milljónir króna frá árinu á undan.

Varðandi sölu á tóbaki skal tekið fram að allt tóbak sem selt er á suðurfirði Vestfjarða, er sent frá Reykjavík í stað Ísafjarðar, eins og var árið 1995. Vin de Pays í 3 lítra umbúðum var vinsælasta rauðvínstegundin og sama tegund seldist einnig mest af þeim hvítvínstegundum sem í boði voru. Vinsælasta rósavínið var Blush Chablis, Asti Gancia var vinsælasta freyðivínið, Hunt's Exquisite White var vinsælasta portvínið og Bristol Cream var vinsælasta sherríttegundin. Duke of Clarence var söluhæsta Madeira vínið, Martini Bianco var söluhæsti vermúttinn, Dubonnet var söluhæsti apertífinn og Camus New VSOP var söluhæsta koníakið.

Tólf ára Ballantine's var söluhæsta viskíð, Smirnoff var söluhæsta vodkategundin, Beefeater var söluhæsta gintegundin og Bacardi Carta Blanca var söluhæsta rommtegundin. Bailey's Original Irish Cream var söluhæsti líkjörinn, Jagermeister var söluhæsti bitterinn og Cruz Garcia Real Sangria var söluhæsta messuvínið. Egils Gull í dósum var söluhæsta bjórtegundin, þá kom Becks í 50 cl dósum og Tuborg í dósum. Half And Half var söluhæsta reyktóbakið, Winston var söluhæsta vindlingategundin og Bagatello var söluhæsta vindlategundin, svo dæmi séu tekin.

Nektardansmeyjar á Vagninum

Pabbi myndi drepa mig

Um síðustu helgi skemmtu tvær ungar blómárosir gestum á Vagninum á Flateyri með erótískum dansi eða „striptease“ upp á útlensku. Stúlkurnar, sem koma frá Kanada, eru hér á landi á vegum skemmtistaðarins Vegas í Reykjavík, en eigendur hans ákváðu í samstarfi við rekstraraðila Vagnsins að gefa Vestfirðingum kost á að berja þær augum. BB var á Vagninum s.l. föstudagskvöld til að fylgjast með og athuga menningargildi þessarar uppákomu, en miklar umræður hafa verið um hvort flokka eigi nektardans sem list eða klám. Frekar fátt gesta reyndist vera á staðnum þegar BB mætti en eitt-hvað fjölgaði þegar leið á kvöldið. Eftir að hafa fylgst með sýningu stúlkunnanna var niðurstaðan svo sem engin, en engu að síður virtust stúlkurnar mjög fagmannlegar, liðugar og ófeimnar við iðju sína. Vissulega var þarna um dans að ræða þannig að í því tilliti væri hægt að

flokka sýninguna sem list en einnig var um nekt að ræða og ef nekt er klám, þá var þetta vissulega klám því stúlkurnar berháttuðu sig á sviðinu. Eftir að fyrstu sýningu lauk var stúlkunum boðið til borðs og þær teknar tali. Tiffany, 22 ára og Lisa, 20 ára, sögðust hafa komið til landsins fyrir viku og að þær myndu dveljast hér samtals í einn mánuð. Tiffany, sem er frá Montreal, kvaðst aðspurð hafa dansað í sex mánuði og hún ætlaði sér einungis að halda því áfram í aðra sex mánuði. Hún sagði að sér væri efst í huga að stofna fjölskyldu með kærastanum sínum. „Kærastinn vill að ég hætti þessu og ég er líka hrædd við að pabbi komist að þessu. Hann er frá Marokkó og hann myndi drepa mig ef hann kæmist að þessu en mamma veit þetta og hún er jákvæð og segist myndi slást í hópinn ef hún væri aðeins yngri.“ Tiffany hefur dansað víða um heim og m.a. í Grikklandi þar sem hún segir að nektardansmiejum sé

lítill virðing sýnd og þær séu niðurlægðar á sviðinu. „Karlmennti í Grikklandi fara jafnvel enn verr með okkur en konurnar sínar og þess vegna er ánægjulegt að koma til Íslands því að hér hefur okkur verið tekið frá-bærlega. Allur aðbúnaður er til fyrirmyndar og allir koma æðislega vel fram við okkur. Karlmenntir eru reyndar frekar feimnir og óframfærnir en þeir sýna okkur kurteisi og koma fram við okkur af virðingu.“

Lisa er ættuð frá Portúgal og sagði að foreldrar hennar vissu ekki um þessa atvinnu hennar og hún vildi ekki að þau kæmust að þessu. Hún á einnig kærasta sem hún hittir reyndar sjaldan vegna þess að hún er á sífelldum ferðalögum atvinnu sinnar vegna. Hún sagði kærastann ekki hrifinn af hvað hún geri og að hann vilji að hún hætti.

Stúlkurnar sögðu að þeirra væri vel gætt á meðan sýningar stæðu yfir og t.d. hefði einn dyra-varða Vegas fylgt þeim vestur í þeim tilgangi. Þær

Tiffany.



Lisa.



sögðu að gestum væri bannað að snerta sig og því banni væri framfylgt af gæslumönnum sínum en yfirleitt þyrfti ekki að koma til afskipta þeirra. Aðspurðar um kaup og kjör sögðust þær Tiffany og Lisa hafa frá 300 dollurum á rólegu kvöldi og upp í 1000 dollara á kvöldi um helgar. Mynda-tökur voru stranglega bannaðar á Vagninum þetta kvöld en vegna mikilla persónutöfra blaðamanns BB gerðu stúlkurnar undanþágu og leyfðu að teknar yrðu nokkrar myndir af þeim „klæddum“. Þar með þakkaði BB fyrir spjallið og myndirnar og óskaði stúlkunum ánægjulegrar dvalar á Íslandi.

Póllinn hf., á Ísafirði

Sonurinn í stól föðursins

Föstudaginn 10. janúar s.l., urðu framkvæmdastjórnarskipti hjá Pólnum hf., á Ísafirði er Sævar Óskarsson, rafíðnfræðingur, settist í stól föður síns Óskars Eggertssonar.

Sævar hefur starfað hjá Pólnum hf., frá árinu 1977, með hléum vegna náms. Breytingar á framkvæmdastjórn fyrirtækisins hafa legið í loftinu um nokkurn tíma og komu fram að beiðni Óskars, eins og segir í frétt frá fyrirtækinu. Óskar mun áfram starfa við fyrirtækið, en nú sem skrifstofustjóri.

Í kjölfar þessara breytinga mun á næstu mánuðum verða gerðar nokkrar skipulagsbreytingar á starfsemi Pólsins, áherslur skerptar á nokkrum sviðum, en dregið úr öðrum. Markmið fyrirtækisins mun áfram verða að veita viðskiptavinum sínum skilvirka og vandaða þjónustu á samkeppnishæfum verðum.

Suðureyri

Klofningur hefur beinapurrkun

Nýstofnað fyrirtæki á Suðureyri, Klofningur hf., er um þessar mundir að hefja starfsemi við þurrkun beina og fiskhousa. Hefur fyrirtækið í þeim tilgangi keypt húsnæði að Aðalgötu 59 á Suðureyri.

Hráfnið til vinnslunnar er fengið frá frystihúsum á svæðinu. Framkvæmdastjóri hins nýja fyrirtækis er Guðni A. Einarsson, en hann er jafnframt einn eigenda þess. Átta eigendur eru að fyrirtækinu og koma sjö þeirra frá Súgandafirði og Önundarfirði. Nafn fyrirtækisins er dregið af fornri gönguleið milli framangreindra fjarða. Stjórnarformaður Kolfnings hf., er Hinrik Kristjánsson, framkvæmdastjóri Fiskvinnslunnar Kambs hf., á Flateyri.



Þorablót Bolvíkinga

Flestir karlar í nýjum hátíðarbúningum

N.k. laugardag munu Bolvíkingar halda 52. þorablót sitt í félagsheimilinu Víkurbae. Að sögn Elínbetar Rögnvaldsdóttur, formanns þorablótsnefndar, stefnir í að yfir 200 manns muni sækja blótið að þessu sinni. Bolvíkingar halda fast í hefðir hvað blótið varðar og má í því sambandi nefna að allar konur skarta íslenskum búningi og að einungis hjónum og sambýlisfólki er heimilaður aðgangur. Á þorablóttinu munu um 90 bolvískir karlar klæðast hátíðarbúningi karla en hann er að sífellt að ávinna sér meiri sess meðal þjóðarinnar. Elínbet segir konurnar í nefndinni hafa verið að æfingum nær sleitulaust síðan 2. janúar og að nú sé allt að smella saman. Ekki vildi hún gefa neitt upp um atriði sem flutt verða og sagði þau algjört hernaðarleyndarmál en ef að líkum lætur munu margir fá pillur frá nefndinni og kannski ekki síst þeir sem voru að einhverju leyti áberandi í bæjarlífinu á síðasta ári. Hljómsveitin Hjólabandið mun leika fyrir dansi á þorablóttinu og segir Elínbet að þó nokkrir hafi skellt sér á námskeið í gömlu dönsunum sem haldið var í desember, til að vera betur í stakk búnir til dansins.



Kvótakerfið er sjúkdómur sem lýsir sér eins og krabbamein

– það mun tortíma sjálfu sér

Sveinbjörn Jónsson, á Suðureyri, þekkjast flestir Vestfirðingar sem á annað borð fylgjast með sjávarútvegsmálum. Sveinbjörn hefur, þrátt fyrir ungan aldur, staðið lengi framarlega í baráttu smábátaeigenda fyrir hagsmunum sínum og tók þátt í stofnun Landssambands íslenskra smábátaeigenda ásamt Arthuri Bogasyni og fleirum árið 1985 og sat hann í stjórn félagsins fyrstu árin. Sveinbjörn komst heldur betur í fréttirnar þegar hann sumarið 1995 gerði ásamt fleirum, uppreisn gegn kerfinu með því að róa á steinbít á banndegi smábáta til að fá úr því skorið hvort það stæðist lög. Sveinbjörn er viðmælandi BB í opnuviðtali að þessu sinni.

Í fyrstu sjóferðina 7 ára

Sveinbjörn fæddist á Suðureyri við Súgandafjörð 22. febrúar 1949. Þar ólst hann upp og þar hefur hann alið allan sinn aldur að undanskildum 5-6 árum þegar hann var í námi í menntaskóla og síðan sím-virkjun. Foreldrar Sveinbjörns eru þau Jón Valdimarsson og Guðjóna Albertsdóttir á Suðureyri og er Sveinbjörn næst yngstur af fimm systkinum og sá eini af þeim sem búsettur er á Suðureyri. Sveinbjörn og kona hans Elín Bergsdóttir, eiga þrjár dætur, Jónu Láru, Berglindi og Björg.

Sveinbjörn hóf sjómennskuferilinn snemma og fór hann í fyrstu alvöru sjóferðina með Kristjáni heitnum Ibsen á vélbátnum Frey, aðeins sjö ára gamall. Hann var þó ekki ráðinn í skipspláss hjá Kristjáni eftir þetta en Sveinbjörn segir strákana á Suðureyri hafa leikið sér alla daga í fjörunni, á þrómmum og bátum. Eins og algengt var á þessum árum, byrjuðu unglingar á Suðureyri snemma að vinna. „Við byrjuðum að vinna svona 10-12 ára. Það var algengt að strákar réðu sig upp á hálfan hlut við beitningu á sumrin og þeir sem komust upp á lag við beitninguna og kláruðu skammtinn sinn á tiltölulega skömmum tíma, gátu að því loknu farið í fótbolta og ýmsa leiki.“

Að loknu skyldunámi hélt Sveinbjörn til frekara náms,

fyrst að Núpi í Dýrafirði og síðan á Akureyri. Þaðan lá leiðin í sím-virkjun í Pósti- og símaskólanum en að honum loknum fór hann á flakk erlendis og tók í það eitt ár. „Eftir heimkomuna vann ég í eitt ár hjá bróður mínum í Bernhöftsbakaríi í Reykjavík en þá hafði Ólafur Þórðarson, fyrrverandi alþingismaður og þá skólastjóri heima, samband við mig til að fá mig til að kenna fyrir vestan. Ég sló til og þetta varð til þess að ég kenndi í níu ár hér við grunnskólann á Suðureyri eða frá 1975-1985. Á sumrin stundaði ég handfæraveiðar á litlum bát sem við bræðurnir höfðum smíðað en fékk mér seinna annan bát til að nota sem sumarvinnu með kennslunni.“

Sjómennskan er baktería

Það sem átti að verða sumarvinnu hjá Sveinbjörni, þróaðist út í að verða baktería sem heltók hann og hætti hann því kennslunni og gerðist sjómaður að aðal atvinnu. Varla hafði talið snúist að sjómennsku fyrr en Sveinbjörn var farinn að tala um kvótakerfið. „Það má segja að ein ljótasta hliðin á kvótakerfinu sé svipting þess réttar einstaklinga eins og t.d. gamalla sjómanna, að geta eignast bát og fengið að lifa í tengslum við náttúruna tiltölulega lausir við stress. Það er algjör niðringsskapur við fólk að gefa því ekki svigrúm til þess.“

Sveinbjörn var spurður hvort hann hafi nokkuð velt fyrir sér kvótakerfinu þegar það var sett á 1984 og hvort það hafi nokkuð komið við smábáta þá? „Ég tók strax við mér þegar ég sá hvað var að gerast. Við Vestfirðingar höfðum búið í nokkur ár við sóknarstýringu þar sem engin aðför var gerð að yfirburðum okkar til fiskimiða. Við búum við það eins og flestir vita, að hér eru gjöful fiskimið. Það var stór þorskorfa hérna 30 mílur fyrir utan og reyndar er svo enn í dag. Það voru auðvitað stór forréttindi, fyrir daga kvótans, að búa nálægt þessari torfu, miklu meiri forréttindi en í dag þegar allar þessar takmarkanir eru í gildi. Ég áttaði mig mjög snemma á hvert þetta myndi leiða og ég held að það hafi verið '85 eða '86 sem ég gerði skýrslu fyrir Útvegsmannafélag Vestfjarða þar sem ég spáði fyrir um hver þróunin yrði. Orðalagið í skýrslunni var reyndar með hátíðlegra móti því að á þessum árum aðhylltist ég kenningar Lao Tse og Fritz Schumacer. Ég orðaði þetta á þann veg, að kvótakerfið myndi hygla hinum stóru og centrölsku á kostnað hinna dreifðu og smáu og að það myndi leiða til samþjöppunar aflaheimilda. Það myndu sem sagt verða hinir dreifðu sem byggju í útjöðrum þjóðfélagsins sem yrðu fórnarlömb þessa kerfis. Ég á reyndar skýrsluna ekki til lengur en mér hefur fundist athyglisvert hvað margt sem þar kom fram hefur ræst.“

Enginn smábátur ef kerfið fengi að ráða

En hvernig kom Sveinbjörn að stofnun Félags smábátæigenda? „Það er 1985 sem Arthur Bogason gengst fyrir stofnun Sambands smábátæigenda og var ég einn af stofnfélögum og var m.a. í stjórn ein 6 eða 7 ár með þátttöku í þeim baráttumálum sem uppi voru hverju sinni. Það hafði sýnt sig að það var greinilegur ásetningur kvótakerfisins að útrýma öllum smábátum og það má eiginlega segja að þetta félag hafi bjargað því sem bjargað hefur verið, bæði hvað varðar frelsi til útgerðar þannig að aðrir en stórtækar útgerðir gætu sótt sjóinn og einnig til bjargar ýmsum byggðarlögum eins og t.d. þorpinu mínu Suðureyri, sem væri ekki til í dag ef þetta landssamband hefði ekki orðið til. Við höfum frá upphafi barist með markmið einstaklingsfrelsis í huga og mottó félagsins hefur verið; krókaveiðar frjálsar. Að vísu hafa menn orðið að semja um eitthvað til að afstýra styrjöldum sem þeir treysta sér ekki í, en megin inntakið hefur verið einstaklingsfrelsi, réttur og að smáir aðilar hefðu ákveðinn forgang. Í raun má segja að smábátum hafi fjölgað meira vegna kvótakerfisins heldur en ef kvótakerfið hefði aldrei verið til. Viðbrögð manna og sjálfsbjargarhvöt urðu til þess að menn fóru meira og meira inn í kerfið. Þetta var ákveðinn öryggisventill og við getum borið þetta saman við gufuvél sem hleypti út þrýstingnum meðal sjómanna og jafnvel byggðarlaga

sem gátu bjargað sér á þennan hátt. Ég trúi því að ef kerfið hefði fengið að ráða baráttulaust, þá væri nánast ekki til smábátur á Íslandi í dag.

Sýknaður af kröfum ákærvaldsins

En hvað er Sveinbirni minnisstæðast úr baráttunni? „Ég er búinn að starfa mikið að félagsmálum í gegnum tíðina og hef m.a. verið formaður verkalýðsfélagsins og oddviti sveitarfélagsins. Reyndar var ég alþýðubandalagsmaður á árum áður og einn af stofnendum Þjóðarflokksins sem litlu munandi að kæmi inn manni á sínum tíma. Landsamband smábáta-

hyggðumst gera í trausti þess að stjórnvöld myndu kæra, og við fengjum reynt á rétt okkar gagnvart lögunum. Ekki stóð á málssókninni því Fiskistofa kærði og í kjölfarið fylgdu skýrslutökur og yfirlýsingar. Þegar upp var staðið þá var ég reyndar einn kallaður fyrir dóm því þetta var gert að einskonar prófmáli. Það er skemmt frá því að segja að ég var sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins sem þýðir raunverulega að við vorum ekki að brjóta lög á þeim heldur voru þeir búnir að brjóta lög á okkur í mörg ár.“ Varð þetta þá kannski til þess að kvóti var settur á steinbít? „Þetta er kannski eitt af þeim atriðum sem varð þess valdandi, en það sem skiptir höf-

orðið milljón tonnum meiri en hún varð. Þetta byggir ég einfaldlega á því að í kvótakerfinu er innifalinn hvati til að veiða stóran fisk. Þetta helgast af því að verðgildi kvóta er það sama á kíló hvort sem kílóíð er af eins kílóa fiski eða tíu kílóa fiski. Verðgildi kíló af tíu kílóa fiski getur verið þrefalt miðað við kíló af eins kíló fiski, undirmálið er kannski þrefalt ódýrara en stórfiskurinn. Þetta þýðir það að sóknin beinist í stærsta fiskinn og þar komum við inn á líf fræðilega þáttinn sem er einfaldlega sá, að fræðimenn hafa reiknað út afrakstursgetu stofnsins nánast eingöngu út frá vaxtarhraða árganga en þeir gleyma því gjörsamlega að lífið

misserrum. „Þessi talningavísindi sem fiskifræðingar nota eru svona 30% vísindi og sem betur fer held ég að hafið sé réttu megin við vísindin í dag því að ef tölur þeirra væru réttar þá væru menn að ganga frá hrygningarstofninum núna.“ En myndi Sveinbjörn treysta sér til, í ljósi sannfæringar sinnar, að gefa út hvað mætti veiða úr stofninum? „Ég ætla ekki að segja að það sé allt í lagi að veiða 100 þús. tonnum meira en ég get sagt að ef við hefðum veitt 30-50 þús. tonnum meira, og öll viðbótin hafði verið sá fiskur sem við hentum og að síðan hefðum við nýtt úr þriggja ára nýliðun í stað stórfiskjar, þá myndi stofninn framleiða meira. Ef við hefðum

fyrir. Réttur fiskvinnslufólks og sjómanna var gjörsamlega hunsaður sem þýðir að ef þetta er verðgildi þá var því stolið frá þessu fólki. Munurinn á smábát og stóru skipi er yfirleitt sá að á smábátum er yfirleitt sjómaðurinn og útgerðarmaðurinn sami aðillinn sem þýðir að á smábátum tókst manningum að verja rétt sinn sem sjómaður með því að vera útgerðarmaður. Verkalýðshreyfingin, bæði sjómanna-félögin og félög landverkafólks brugðust gjörsamlega þegar kvótakerfið var sett á. Þau gerðu sér ekki grein fyrir að það var verið að verðleggja frelsi sem var undirstaða lífsviðurvaris þegna þeirra. Það var ekki um neina baráttu að ræða frá verkalýðshreyfingunni gegn kerfinu hvorki fyrir hönd verkafólks né sjómanna. Svo eru menn að klóra í þetta núna sem augljóst var að myndi gerast. Togstreita í hagsmunamálum sjómanna og útgerðarmanna á stóru skipunum er svo augljós að hún ætti ekki að koma neinum á óvart. Þar er fólk sem býir er að ræna rétti sínum og er síðan farið með eins og hverja aðra leiguliða. Það sættir sig ekki við þetta en ég spyr; hvað voru menn að hugsa '85-'87 þegar þetta var að skrifa yfir?“

Ég myndi segja bless

Nú hafa borist fregnir af að viðmiðunarpottur smábáta sem eru á dagakerfinu svokallaða, sé búinn fyrir þetta fiskveiðiár. Ef á heldur sem horfir gæti þetta leitt til þess að þessi tegund smábáta fái einungis að ró nokkra daga á næsta fiskveiðiári. Hvaða lausn sér Sveinbjörn á þeim vanda og mun þetta ekki hafa alvarleg áhrif á byggðarlög eins og t.d. Suðureyri, sem byggir nær eingöngu á smábátatöngum? „Það eru nú reyndar ekki nema þrjú bátar á Suðureyri sem falla undir þetta kerfi en þeir eru allir í alvarlegasta hópnum sem er línu hópurinn. Hinir eru flestir á aflamarki sem helgaðist af því að þeir voru með góða aflareynslu og völdu því aflamarkið til þess að eiga möguleika á að bjarga sér á steinbít, ýsu og öðru slíku. Nú hafa aðeins verið notaðir um 20% afladaga á yfirstandandi fiskveiðiári í þessu kerfi en úthlutaður heildarafl er búinn. Mér skilst að lögin séu þannig að á þessu ári veiða þeir aðeins í þá daga sem þeir fengu úthlutað en mega veiða eins og þeir geta. Meðalafli á sóknardag verður síðan notaður til að reikna út þá daga sem þeim verður ætlað næsta ár til að veiða það magn sem þeir fá að veiða. Ef ég tek dæmi: Veiði þessir bátar helmingi meira á þessu fiskveiðiári en þeim var úthlutað, þá fækkar dögum á næsti ári, sem þeir mega stunda veiðar á, um helming. Ég er sannfærður um að stjórnvöldum verður ekki stætt á að nota þessa reglu fyrir næsta ár vegna þess, að þegar í ljós kemur hvað skerða þarf mikið, þá muni menn einfaldlega standa frammi fyrir því að uppgötva að skerðingin er of mikil til þess að hægt sé að bjóða einstaklingum í þjóðfélaginu upp á hana. Ég held að það sé orðið lífsnauðsynlegt að fundin



Þegar forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson og eiginkona hans, Guðrún Katrín Þorbergsdóttir heimsóttu Vestfirði á síðasta ári, komu þau meðal annars við hjá Sveinbirni Jónssyni á hafnarkantinum á Suðureyri.

eigenda er í raun eina félagið sem ég er tiltölulega ánægður með hvernig virkaði. Það er voðalega erfitt að tilgreina eitthvað eitt atriði sem er minnisstæðast. Ég gæti samt vel trúað að ef baráttuáferðir, saga Landssambandsins, sem er 10-12 ára gamalt félag, og árangur væri skráður, þá kæmst menn að raun um að þar hefur verið unnið eitt mesta þrekvirkni í varnarbaráttu sem þekktist í Íslandssögunni.

Eftir að ég hætti í stjórn félagsins, fór ég að byggja meira á eigin forsendum en þó í fullum tengslum við félagið. Ætli mér sé þá ekki minnisstæðast þegar við fórum í þennan fræga steinbítaróður. Hann byggðist á því að við höfðum alltaf verið rétt okkar með tilvísun í stjórnarskrána. Það eru ákvæði í stjórnarskrá um athafnafrelsi annars vegar og ákveðin jafnræðisregla hins vegar. Við teljum að kvótakerfið í heild sé á mörkum vel-sæmis gagnvart stjórnarskránni og í raun jafnvel brot á henni. Í þessu tilviki létum við reyna á ákveðinn þátt sem byggði á að smábátafлотanum var úthlutað ákveðnum leyfilegum sóknardagafjölda og var það gert vegna verndunar á þorski. Þar sem þær aðstæður eru stundum fyrir hendi, ákveðinn tíma árs, að hægt er að veiða nánast hreinan steinbít, sem ekki var í kvóta þá, þá fórum við á banndegi og veiddum steinbít. Við auglýstum vel hvað við

uðmáli er að þegar menn búa til valdakerfi í kringum svona kvótakerfi þar sem sjávarútvegsráðuneytið, í þessu tilfelli, fær umboð frá Alþingi til þess að stýra út á einhver markmið, þá mega menn ekki gleyma stjórnarskrárbundnum rétti einstaklinga og jafnvel rétti bundnum alþjóðalögum.“

Kvótakerfið hefur stolið af okkur milljón tonnum

En hefur þetta ekki orðið til að þrýsta á að vel flestar ef ekki allar tegundir verði kvótasettar? „Það er auðvitað markmiðið hjá þeim, en ef þeir ímynda sér að hægt sé að búa til tölvuleik sem líkir það vel eftir náttúrunni að hægt sé að nota hann til löggjafar um það hvernig á að starfa, af hverju hleypa þeir þá ekki mönnum til veiða í tölvunni hjá sér? Það er fíranlegt að ætla að stýra fiskveiðum, í lífríki eins og er hér við land, með kvótasetningu tegunda. Það er efni í heila bók að fara út í líffræðileg áhrif t.d. kvótans á þorsstofninn. Ég held því fram að kvótakerfið sé búið að stela af okkur milljón tonnum í veiði á þorski á s.l. 12 árum. Ef við hefðum stýrt með sókn og tekið á þeim málum sem okkur fannst koma upp eins og að fyrirbyggja útkast á fiski og annað slíkt, og reynt að stýra sóknarmynstrinu eftir þörfum stofnsins, þá hefði afrakstursgeta þorsksstofnsins

er hringrás. Holdmyndun 7-8 ára fisks fyrir stofn í formi frjósemi er margföld á við holdmyndun þriggja ára fisks í formi vaxtar og ef við skoðum, þegar hrygning hefur átt sér stað, hvað það muni leiða til mikillar nýliðunar eftir þrjú ár, þá getur það verið margfeldi eigin þyngdar hjá átta ára fisknum en það er ekkert hjá hinum. Þetta þýðir að með ímyndaðri verndun á smáfisk höfum við verið að halda of miklu vægi á sókn í hrygningarfisk og komið í veg fyrir að íslenski þorsstofninn skiladi góðri nýliðun. Ég fullyrði að ef það hefði verið beitt hagkvæmstu aðferð við sóknarstýringu sem hefði tekið tillit til þarfa stofnsins, frjósemi hans og samsetningar, þá hefði stofninn gefið að minnsta kosti milljón tonnum meira af sér en hann hefur gert á undanförmum 10-12 árum og væri betri en hann er. Til þess að stofni geti vaxið þá er frjósemi lykilatriði, það er málið í hnotskurn. Það er ekki meiri ofætlun hjá mér að setja fram fullyrðingu um þessi milljón tonn en það væri hjá fiskifræðingum að afsanna hana með þeim verkfærum sem þeir hafa notað.“

Veiðar með skilju hefðu stútað stofninum

Þrátt fyrir allt þá samþykkir Sveinbjörn að meiri fiskur sé á ferðinni nú en fyrir nokkrum

hinsvegar veitt þessi 50 þús. tonn með skilju, þá hefðum við gjörsamlega stútað frjósemi stofnsins. Ef við yfirfærum þetta á fjárhús, og við skulum gefa okkur að við ætlum að hafa viðkomu ár eftir ár, þá myndum við ekki ávallt slátra bestu gripunum. Hvort myndum við frekar taka einn fjórða úr þriggja ára nýliðun og vernda hitt, eða vernda þennan fjórðung nýliðunar og stúta öllu hinu? Menn verða að vita um hvað málið snýst. Frjósemi er meiri forsenda holdsköpunar en vaxtarhraði í stofni og það þýðir einfaldlega það að á bilinu 6-8 ára þá verður verðgildi fisks, sérstaklega í stofni sem búið er að eyðileggja, margfalt meira heldur en vaxtarhraði árgangs, það verður miklu meiri stofnþyngdar aukning vegna frjósemi en vaxtar.“

Verkalýðshreyfingin brást gjörsamlega

Þegar talið berst að öðrum þáttum kvótakerfisins og þeirri togstreitu sem virðist ríkja milli sjómanna á smábátum og stærri skipum verður Sveinbjörn harðorður mjög. „Það sem gerðist þegar kvótakerfið var sett á var að veiðiheimildir á stærri skipum voru settar á hendur útgerðarmanna sem voru ekki nema kannski fjórðungs þátttakendur þeirra sem fengust við sjávarútveg áður

verði einhver frjálsl leið fyrir þessa báta enda er núverandi fyrirkomulag hlægilegt, að vera að velta fyrir sér 2-3 þús. tonnum, á meðan 30 þús. tonnum er hent. Ef ég setti sjáfan mig í þessi spor og við skulum segja að ég fengi úthlutað 20 dögum á næsta ári, þá mundi ég nú bara segja bless og hætta að gera ráð fyrir að það væru til stjórvald í þessu landi.“ En hvað myndi Sveinbjörn vilja sjá í staðinn? „Ég hefði helst aldrei viljað sjá annað en frjálslar krókaveiðar, kannski með einhverjum takmörkunum og þá er ég að tala um reglur varðandi t.d. leyflegt magn veiðarfæra, einhver hátíðastopp o.s.frv.“

Vertíðarbatum hefur verið útrýmt

En býður ekki þannig kerfi, eins og núverandi kerfi, upp á að menn róí á smá hornum á öllum tímum árs, jafnt vetur, sumar vor og haust? „Auðvitað er þetta stórhættulegt en menn verða að gera sér grein fyrir af hverju þetta gerðist. Kvótakerfinu hefur tekist það afrek að útrýma vertíðarbatunum í skjóli kröfunnar um hagræðingu. Það er búið að útrýma flota sem dugði okkur til að veiða 400 þús. tonn á ári af steinbít, þorski, ýsu og fleiri tegundum. Um leið og t.d. 100 tonna línubátur er lagður af vegna svonefndrar hagræðingar, þá standa eftir 6-8 sjómenn sem vantar vinnu. Þeir hafa ekkert annað val en að ráða sig annað hvort á togarann sem fékk aflaheimildirnar þeirra, eða kaupa sér smábát. Það var ekki pláss fyrir þá alla á togurunum þannig að margir fengu sér smábát. Það er auðvitað ekkert vit í að stunda dagróðra á trillum yfir vetrartímum undir því yfirskyni að vera að halda uppi atvinnu í byggðarlögum. Það er samt bara ekkert annað hægt og ef við ætlum okkar að lifa, t.d. heima á Suðureyri, þá verðum við að gera þetta. Auðvitað væri miklu betra ef við gætum verið að ró á einum svona 100 tonna bát og haldið þannig uppi einhverju trukki. Það væri auðvitað miklu vitrænna, en kerfið gerir ekki ráð fyrir þessu.“

Hvati útgerðarinnar var að búa til eignarrétt

Hefur Sveinbjörn kannski þá tilfinningu að afnám línu-tvöföldunar hafi verið endanlegt rothögg á línuútgerðina? „Línuveiðar eiga mjög erfitt uppdráttar innan kvótakerfisins vegna þess að rekstrarkostnaður útgerðar er meiri þar en í mörgum öðrum formum útgerðar. Ég segi ekki að afnám tvöföldunarinnar hafi verið rothögg en það að hún skuli hafa leitt til svo mikils framboðs línubáta strax og búið var að verðgilda þetta sem eign, segir mér að hvati útgerðarinnar hafi ekki verið hagkvæm útgerð, heldur væntingar um eignarhlut í veiðirétti. Það að þessir bátar skyldu unnvörpum vera auglýstir til sölu eftir að kvótinn kom á, segir mér einfaldlega að forsendur þessara útgerða hafi ekki verið að

halda uppi atvinnu og veiða fisk, heldur að búa til eignarrétt.“

Kvótakerfið mun hrynja verði það ekki afnumið

Hvað með framtíðina, er hægt að snúa við? Heldur Sveinbjörn að hægt sé að afnema kvótakerfið? „Ef kvótakerfið verður ekki afnumið, þá mun það hrynja og því get ég lofað. Maður fær á tilfinninguna, t.d. með því að hlusta á sjávarútvegsráðherra, að menn séu sifelltil að leita að plástrum. Eðli kerfisins, þessi samruna sjúkdómur og trúarboðskapur ráðamanna, kallar á stærri einingar og sameiningu. Allir heilvita menn, aðrir en Íslendingar sem ekki er búið að eyðileggja alla stærðfræðikunnáttu hjá, vita að forsenda náttúruvals, því þetta er ekkert annað en náttúruval fyrirtækja þegar sá hæfari á alltaf að stækka og útrýma hinum óhæfari, byggist á frjósemi. Þetta þýðir að menn geta ekki haldið áfram að sameina og stækka endalaust ef ekki verða til nein ný fyrirtæki vegna þess, að þegar búið er að eyða þessum minnsta þá verður sá næstminnsti minnstur og svo koll af kalli. Í þessu kerfi er þess

vegna fólgið hrun, og eignarhaldskerfi, sem hefur slíkt uppsöfnunargildi og er boðað af ráðamönnum sem lausn, er ekki hagræðingarkerfi heldur sjúkdómur sem lýsir sér eins og krabbamein. Þetta er uppdráttarsýki sem á sér stað vegna þess að þetta er ófrjósamt kerfi og hlýtur óhjákvæmilega að hrynja.

Leikvangurinn stækkaður

Lausn manna eins og Þorsteins Mús, hjá Samherja og t.d. forsvarsmanna Granda, hefur ekki verið að átta sig á sjúkdómi kerfisins heldur hafa þeir verið hægt og rólega að undirbyggja það að þeir geti stækkað leikvanginn. Þeir eru búnir að tryggja fyrirtæki sín yfir og kringum alla gengismúra. Ætli Þorsteinn Már eigi ekki ítök í Þýskalandi, Færeyjum og Bretlandi og hann getur líklega ráðið því í framtíðinni hvar hann fjárfestir og hvar hann lætur hagnað og tap koma fram. Hann er sem sagt búinn að losa sig undan áhrifum gengisskráningar á Íslandi. Þetta þýðir að leikurinn getur haldið áfram löngu eftir að Íslendingar eru búnir að missa allar sínar veiðiheimildir. Kvótakerfið lifir ekki án endurnýjunar og til þess að hún geti

átt sér stað þá verður verðgildi í kerfinu að fara niður í það sem eðlilegt getur talist, þ.e. að það kosti svipað að kaupa báta og smíða þá. Ég er ekki að tala um frjálslar veiðar en tel þó að frjálslar veiðar hefðu verið betri kostur en kerfið sem var tekið upp vegna þess að þá hefði náttúran stýrt okkur. Ef við hefðum ofveitt þá hefðu umsvifamestu og fjárfestinga-sjúkustu fyrirtækin farið á hausin og við værum löngu búnir að byggja allt upp aftur, bæði atvinnulíf og fiskistofna. Krafa mín er sú að ef þessir menn ætla að stjórna þá verða þeir að stýra því sem þeir þykjast ætla að stýra, þ.e. veiðunum. Það þýðir að skilgreina þarf fyrst ákveðna þætti sem eru annars vegar líffræðilegir þættir og hins vegar mannréttinda- og þjóðfélagslegir þættir. Síðan er búin til almenn stýring sem fylgt getur þessum markmiðum.“

Blómleg byggð á Vestfjörðum?

Þegar Sveinbjörn er inntur álits á framtíð Vestfjarða í ljósi erfiðleika sem dunið hafa yfir undanfarin ár, segir hann að hjöðnun byggðar á Vestfjörðum hafi byrjað á svipuðum tíma

og Íslendingar byrjuðu að stjórna efnahagsmálum sínum sjálfir. „Menn mega ekki gleyma því að hagstjórn er líka tæki sem raskar búsetugrundvelli og það má sjá hagstjórn Íslendinga í gegnum áratuginna með því að skoða viðskipta-jöfnuð þeirra og gengisskráningu. Ef hugsanagangur stjórnsvalda í efnahagsmálum og fiskveiðistjórnun breytist ekki, þá eiga Vestfirðingar engan sjéns. Ef þeir vildu hins vegar taka þau mál í sínar hendur sem hafa drepið þá, þá eru það tvö lyklatríði sem ég vil nefna. Í fyrsta lagi þarf að komast undan íslensku krónunni og færa öll viðskipti yfir í einhvern óháðan og helst stóran gjaldmiðil og haga öllum viðskiptum okkar bæði innbyrðis og út á við, í þessari mynt þannig að íslensk stjórnsvald gætu ekki haft áhrif á verðgildi framleiðslu með frelsisskerðingu sem hlýst af að ákvarða verðlagningu gjalddeyrir. Hitt atriðið er það, að um leið og við kæmumst undan íslensku krónunni þá yrðum við sennilega að taka upp miðlínu á Breiðafirði og Húnaflóa, sem yrði að vísu minnsta landhelgi við Ísland því að Grænland er svo nálægt okkur, og taka í okkar hendur stjórn fiskveiða á þessu svæði. Þessi tvö atriði myndu

duga okkur til að hér yrði blómleg byggð.“

Jafnvel hinir ágætustu menn geta fallið

Sveinbjörn, sem í dag starfar innan Sjálfstæðisflokksins og sat m.a. síðasta landsfund flokksins, segir að Vestfirðingar séu litnir hornauga, eins og einhver sértrúarsöfnuður, vegna afstöðu sinnar til kvótakerfisins. „Miðað við það sem er að gerast í þjóðfélaginu í dag þá geta menn allt eins átt von á því að þetta verði mál mála í pólitík. Ef svo verður þá ætla ég að vona, flokksins míns vegna, að forystumennirnir búi yfir víðsýni til að skilja hvað málið snýst um. Ef þeir verja kerfið af sömu hörku á næstunni og gert var á síðasta landsfundi, þá eru þeir að merkja flokkinn sem hagsmunavörsluflokk hinna stóru og í mínum huga eru þeir þá að taka þátt í að verja ránsfeng. Kvótakerfið hefur alltaf verið kosningamál á Vestfjörðum og ef það er að gerast á landsvísu sem Vestfirðingar hafa verið með í hausnum alla tíð, þá geta jafnvel hinir ágætustu menn fallið í valinn.“

Ný upplýsingalög hafa tekið gildi

Réttur almennings að upplýsingum frá stjórnarsýslu ríkisins og sveitarfélögum

Þann 1. janúar sl., tóku í gildi ný upplýsingalög sem taka til stjórnarsýslu ríkisins, sveitarfélaga og starfsemi einkaaðila, að því leyti sem þeim hefur verið falið opinbert vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Samkvæmt lögnum er framangreindum aðilum skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að gögnum sem varða tiltekið mál með þeim takmörkunum sem greint er frá í 4.-6. grein laganna. Lögin gilda ekki um þinglýsingu, aðfarargerðir, kyrrsetningu, löggeymslu, lögbann, nauðungarsölu, greiðslustöðvun, nauðasamninga, gjaldþrotaskipti, skipti á dánarbúum eða önnur opinber skipti, né heldur um rannsókn eða saksókn í opinberu máli. Þá gilda lögin ekki um aðganga að upplýsingum samkvæmt stjórnarsýslulögum og lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Lögin gilda heldur ekki ef á annan veg er mælt í þjóðréttarsamningum sem Ísland á aðild að.

Í 3. grein laganna þar sem fjallað er um almennan aðgang að upplýsingum segir: „Stjórnsvaldum er skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að gögnum sem varða tiltekið mál með þeim takmörkunum sem greinir í 4.-6. gr. Réttur til aðgangs að gögnum nær til:

Allra skjala sem mál varða, þar með talinna endurrita af bréfum sem stjórnsvald hefur sent, enda megi ætla að það hafi borist viðtakanda.

Allra annarra gagna sem mál varða, svo sem teikninga, uppdrátta, korta, mynda, örfilma og gagna sem vistuð eru í tölvu.

Dagbókarfærslu sem lúta að gögnum málsins og lista yfir málsöggn.

Stjórnsvaldum er heimilt að veita aðgang að gögnum í ríkari mæli en kveðið er á um í þessum kafla, nema fyrirmæli laga um þagnarskyldu standi því í vegi.“

Gögn undanþegin upplýsingarétti

Í 4. grein laganna þar sem fjallað er um gögn sem undanþegin eru upplýsingarétti segir að réttur almennings til aðgangs að gögnum taki ekki til fundargerða ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreina á ráðherrafundum og skjala sem tekin hafa verið saman fyrir slíka fundi, bréfaskipta stjórnsvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað; vinnuskjala sem stjórnsvald hefur ritað til eigin afnota, en þó skuli veittur aðgangur að vinnuskjöllum ef þau hafa að geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar sem ekki verð-

ur aflað annars staðar frá. Í sömu grein segir að gögn sem undanþegin séu upplýsingarétti séu umsóknir um störf hjá ríki eða sveitarfélögum og allra gagna sem þær varða; þó er skylt að veita upplýsingar um nöfn, heimilisföng og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

Í 5. grein laganna segir að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila.

Í 6. grein laganna þar sem fjallað er um takmarkanir á upplýsingarétti vegna almannahagsmuna segir að heimilt sé að takmarka aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast, enda hafi þau að geyma upplýsingar um öryggi ríkisins eða varnarmál; samskipti við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir; viðskipti stofnana og fyrirtækja í eigu ríkis eða sveitarfélaga að því leyti sem þau eru í samkeppni við aðra; fyrirhugaðar ráðstafanir eða próf á vegum ríkis eða sveitarfélaga ef þau yrðu þýðingarlaus eða næðu ekki tilætluðum árangri væru þau á almannavörð. Þá segir í 7.

grein laganna að ef ákvæði 4.-6. gr. eiga aðeins við um hluta skjals, skal veita almenningi aðgang að öðru efni skjalsins. Sama regla á við um önnur gögn.

Í 8. grein laganna er fjallað um takmarkalausn upplýsingarétt að tilteknum tíma liðnum. Það segir að veita skuli aðgang að gögnum sem 4. töluliður 6. gr. tekur til jafnskjótt og ráðstöfunum eða prófum er að fullu lokið, nema ákvæði 5. gr. eða 1.-3. töluliðs 6. gr. eigi við. Þar segir einnig: „Veita skal aðgang að öðrum gögnum sem 4.-6. gr. taka til þegar liðin eru þrjátíu ár frá því að gögn urðu til. Þetta gildir þó ekki um sjúkraskrár og skýrslur sálfræðinga eða félagsráðgjafa. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál er þó heimilt að veita aðgang að slíkum skýrslum og sjúkraskrár til rannsókna eftir að þær hafa verið afhentar skjalasafni. Nefndin bindur slíkt leyfi þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni.“

Upplýsingaréttur um sjálfan sig

Í 9. grein laganna er fjallað um aðgang aðila að upplýs-

ingum um hann sjálfan. Þar segir að stjórnsvaldum sé skylt, sé þess óskað, að veita aðila sjálfum aðgang að skjöllum og öðrum gögnum er varða tiltekið mál ef þau hafa að geyma upplýsingar um hann sjálfan. Ákvæði 1. mgr. gilda þó ekki um þau gögn sem talin eru í 4. gr. og um gögn sem hafa að geyma upplýsingar um mikilvæga almannahagsmuni er leynt eiga að fara samkvæmt 6. grein. Heimilt er að takmarka aðgang aðila að gögnum ef þau hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni annarra, enda vegi þeir hagsmunir, sem mæla með því að upplýsingum sé haldið leyndum, þyngra en hagsmunir þess sem fer fram á aðgang að gögnunum. Um aðgang sjúklings að sjúkraskrá fer eftir ákvæðum læknaála.

Málsmeðferð

Í 10. grein þar sem fjallað er um beiðni um aðgang að upplýsingum segir: „Sá sem fer fram á aðgang að gögnum skal tilgreina þau gögn sem hann óskar eftir að kynna sér. Þá getur hann óskað eftir að fá að kynna sér upplýsingar um tiltekið mál án þess að tilgreina einstök gögn sem málið varða. Stjórnsvald getur sett það skilyrði að beiðni um aðgang að gögnum sé skrifleg og komi jafnframt fram á eyðublaði sem það leggur til. Þegar farið er

Menningarvaka haldin til heiðurs hinu aldna skáldi

Guðmundur Ingi Kristjánsson, skáld og bóndi að Kirkjubóli í Bjarnardal í Öndarfirði varð níræður 15. janúar síðastliðinn. Sveitungar Guðmundar efndu til blysfarar að heimili skáldsins á afmælisdaginn, færðu honum gjafir og sungu fyrir hann lag við ljóð hans, Öndarfjörður, en ljóðið samdi Guðmundur árið 1924, þá sautján ára gamall. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar heim sótti skáldið einnig á afmælisdaginn og færði því bók að gjöf.

Í ávarpi sem Þorsteinn Jó-

hannesson, forseti bæjarstjórnar flutti við það tækifæri, sagði hann meðal annars að Guðmundur Ingi hefði ávallt verið maður friðar og sátta. Guðmundur Ingi, sem var heiðursborgari Mosvallahrepps og nú Ísafjarðarbæjar, þakkaði gjöfina og falletti ummæli í hans garð frá hinu nýja sameinaða sveitarfélagi. Hann sagði að margt væri að minnast á þeim níutíu árum sem hann hefði lifað enda hefðu miklar breytingar átt sér stað. Þegar Guðmundur Ingi var beðinn um góð ráð til reksturs hins nýja



Sveitungar Guðmundar Inga efndu til blysfarar að heimili hans á afmælisdaginn og sungu fyrir hann lög við nokkur ljóða hans.

sveitarfélags, kvaðst hann ekki hafa tök á því, þrátt fyrir störf sín að sveitarstjórnarmálum til fjölda ára. Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, sagði að Guðmundur Ingi hefði þann starfa að vera

markavörður bæjarfélagsins. Hann sagði að skáldið hefði að vísu sent sér bréf fyrir stuttu, þar sem hann benti á að kominn væri tími til að fara að huga að nýjum manni til starfsins.

Guðmundur Ingi, sem á að baki sex ljóðabækur, mun vera eini núlifandi Íslendingurinn sem á ljóð í gömlu Skóla-ljóðunum. Árið 1993 kom út heildarútgáfa ljóða hans ásamt nýjstu ljóðunum. Bækur Guðmundar Inga hafa átt það sammerkt að nöfn þeirra hafa allar byrjað á sól, s.s. Sóldög, Sólstafir o.s.frv. Guðmundur Ingi var kennari að Holti í Öndarfirði til fjölda ára ásamt því að starfa að sveitarstjórnarmálum í Mosvallahreppi, m.a. sem oddviti. Hann hefur mikið starfað að félagsmálum og ávallt farið þar fremstur meðal jafningja, meðal annars hjá Stéttarsambandi bænda og Búnaðarsambandi Vestfjarða.

Guðmundur Ingi hefur séð um vísnaverð fyrir þorablott Önfirðinga um fjórutíu ára skeið, síðast árið 1995. Hann segist lítið yrkja þessa dagana, og þótt innblásturinn hafi verið til staðar áður fyrr, þá sé hann nú búinn að vera. Guðmundur Ingi er þekktur fyrir hógværð



Þorsteinn Jóhannesson, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, færir skáldinu bók að gjöf frá bæjarfélaginu.

og því kæmi ekki á óvart þótt eitthvað leyndist í pokahorninu. Guðmundur Ingi og eiginkona hans, Þuríður Gísladóttir, sögðu í samtali við blaðið að afmælisdagurinn hefði verið hinn ánægjulegasti fyrir þau hjón.

Á laugardaginn var, efndu vinir og vandamenn Guðmundar Inga til menningarvöku til heiðurs afmælisbarn-

inu að Núpi í Dýrafirði. Yfirskrift menningarvökunnar var „Til þín Guðmundur - 90 ára.“ Þar var boðið upp á fjölbreytta dagskrá þar sem komu fram m.a. Sunnukórinn á Ísafirði, kvartett frá Suðureyri og Leikfélag Flateyrar, sem flutti nokkur ljóða Guðmundar, svo fátt eitt sé nefnt. Þá voru haldnar fjölmargar ræður til heiðurs hinu aldna skáldi.

fram á aðgang að gögnum um mál þar sem taka á eða tekin hefur verið ákvörðun um rétt eða skyldu manna skal beiðni beint til stjórnvalds sem tekið hefur eða taka mun ákvörðun í málinu. Annars skal beiðni beint til þess stjórnvalds sem hefur gögnin í sínum vörslum.”

Í 11. grein laganna er fjallað um málshraða og málsmeðferð. Þar segir að stjórnvald skuli taka ákvörðun um það hvort það verður við beiðni um aðgang að gögnum svo fljótt sem verða má. Hafi beiðni ekki verið afgreidd innan sjö daga frá móttöku hennar skal skýra aðila frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta. Um málsmeðferð fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum.

Í 12. grein laganna er fjallað um ljósrit eða afrit af gögnum. Þar segir: „Stjórnvald tekur ákvörðun um hvort umbeðin gögn skuli sýnd eða hvort ljósrit skuli veitt af skjölum eða afrit af öðrum gögnum sé þess kostur. Sé farið fram á að fá ljósrit af skjölum skal orðið við þeirri beiðni, nema skjölin séu þess eðlis eða fjöldi þeirra svo mikill að það sé vandkvæðum bundið. Þegar fjöldi skjala er mikill getur stjórnvald ákveðið að fela öðrum að sjá um ljósritun þeirra. Hið sama á við hafi stjórnvald ekki aðstöðu til að ljósrita skjöl. Þá skal aðili greiða þann kostnað sem hlýst af ljósritun skjalanna. Forsætisráðherra er heimilt að ákveða með gjaldskrá hvað greiða skuli fyrir ljósrit sem veitt eru samkvæmt lögum þessum. Reglur 2.-4. mgr. eiga einnig við um afrit af öðrum gögnum en skjölum eftir því sem við á.”

Í 13. grein laganna segir að ákvörðun stjórnvalds um að synja beiðni um aðgang að gögnum eða um ljósrit eða afrit af þeim skuli tilkynnt skriflega ef beiðni hefur verið skrifleg.

Ný upplýsingalög

Lögin eru af hinu góða

„Ég vona að við getum orðið við óskum íbúa og annarra þeirra sem þurfa að leita upplýsinga hjá okkur. Við erum með samilega vel skrásett skjalasafn og við höfum aldrei legið á upplýsingum, en hins vegar vil ég hafa þann fyrirvara á að allt sem snýr að persónulegum samskiptum og persónulegum málum, myndi ég ekki afhenda nema að ég yrði neyddur til þess,” sagði Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungarvík, aðspurður um hvernig Bolungarvíkurkaupstaður væri í stakk búinn til að framfylgja hinum nýju lögum.

„Ég vil meta friðhelgi íbúanna en allt sem snýr að stjórnkerfinu, ákvarðanatöku, tillögugerð og samþykktum er opið fyrir alla og hefur alltaf verið. Það hefur ekkert reynt á þessi nýju lög enn. Allir sem hafa leitað til okkar hafa fengið upplýsingar. Þessi lög eru af hinu góða að mínu mati,” sagði Ólafur. Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, sagði í samtali við blaðið að bæjarfélagið myndi reyna að vinna eftir lögnum eftir bestu getu.

„Ég held að það sem kannski helst myndi þvælast fyrir okkur væri skjalavarslan. Hún er ennþá svo þvælin vegna þess að skjalasöfn sveitarfélaganna sex sem sameinuðust á síðasta ári, hafa ekki verið sameinuðu enn. Það mun eflaust taka sinn tíma að finna skjöl. Það hefur ekki reynt á þessi lög enn og ég held að upplýsingagjöfin frá sveitarfélaginu geti gengið snurðulaust. Það hefur hún gert að mestu leyti og ég held að það verði ekki nein breyting á því við þessa lagasetningu,” sagði Kristján Þór.

Ekki náðist í Ágúst Kr. Björnsson, sveitarstjóra Súðavíkur vegna þessa, en eitt mál hefur borist úrskurðarnefnd um upplýsingamál vegna Súðavíkurhrepps vegna nýju laganna, en í því neitaði hreppurinn fréttastofu ríkisúvarpsins um gögn varðandi málefni hreppsins og Frosta hf.

Heimilt er samkvæmt lögum um að bera synjun stjórnvalds um aðgang að gögnum samkvæmt lögum þessum undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál sem úrskurðar um ágreininginn. Hið sama gildir um synjun stjórnvalds um að

veita ljósrit af skjölum eða afrit af öðrum gögnum. Nefndin er sjálfstæði í störfum sínum og verður úrskurðum hennar samkvæmt lögum þessum ekki skotið til annarra stjórnvalda.



Afmælisbarnið, Guðmundur Ingi Kristjánsson ásamt eiginkonu sinni, Þuríði Gísladóttir.

Súðavík - Hagkvæmni stærðarinnar!

Í útvarpi 16. janúar, í síðastu viku, þegar liðin voru 2 ár frá snjóflóðinu í Súðavík, var talað við Ágúst Kr. Björnsson sveitarstjóra Súðavíkurhrepps. Meginefni útvarpsviðtalsins reyndist fjalla um erfiðleika Súðavíkurhrepps vegna kaupa á húsum á hættusvæðinu í eldri hluta Súðavíkur.

Eins og kunnugt er, sameinuðust Súðavíkurhreppur eldri, Ógurhreppur og Reykjarfjarðarhreppur í einn stærri hrepp, Súðavíkurhrepp hinn nýja með liðlega 300 íbúa, þar af um 230 í þorpinu Súðavík. Sameiningin tók gildi 1. janúar 1995. Rúmum hálfum mánuði síðar féll snjóflóðið, 14 manns létu lífið, fjöldi húsa skemmdist og tekin var um það ákvörðun í framhaldinu, að reisa nýtt þorp í landi Eyrardals, hins forna höfuðbóls.

Öll málefni varðandi snjóflóðavarnir á Íslandi hafa verið til endurskoðunar í rúmt ár. Tvennt er einkum til ráða, annars vegar að byggja snjóflóðavarnir og hins vegar að kaupa hús, sem standa á snjóflóðasvæðum, af eigendum þeirra. Kallast það uppkaup á máli þeirra, sem tamast er að ræða snjóflóðavarnir. Enn er tvennt til varðandi gerð snjóflóðavarna og skal vikið að þeim kostum síðar.

Uppkaup fast- eigna í Súðavík - snjóflóðavarnir á Flateyri

Sú leið var farin á Flateyri að byggja snjóflóðavarnargarða ofan byggðar á eyrinni. Auk þess voru reyndar keyptir grunnar þeirra húsa, sem skemmdust á Flateyri. Í Súðavík voru keyptar fasteignir fyrir 370 milljónir króna. Hlutur Súðavíkurhrepps af þeirri fjárhæð nemur 10% eða 37 milljónum króna og gjaldféll upphæðin um nýliðin áramót. Sem fyrr segir ræddi sveitarstjórinn vanda hreppsfélagsins við að greiða hluta sinn af þessum snjóflóðavörnum. Mun það reynast með öllu ómögulegt án lántöku. Engan skyldi undra að 326 íbúum Súðavíkurhrepps reynist erfitt að greiða upphæð sem svarar til 113.500 krónum á hvern íbúa sveitarfélagsins.

Nú er verið að byggja nýtt þorp, nýlega er risinn nýr leikskóli og sveitarfélagið tekið við rekstri grunnskóla að öllu leyti. Þau eru mörg járnin í eldinum þetta árið. Sveitarstjórinn hefur farið fram á það við ofanflóðasjóð að fá lánað fyrir 10% hlut hreppsins. Jafnframt gat hann þess að samið hefði verið frumvarp sem hniði að þessari lausn. Gott og vel, vonandi tekst að greiða úr þessu máli á farsælan hátt.

Fram hjá því verður ekki litið að svo örsmátt sveitarfélag sem Súðavíkurhreppur er, getur ekki aðstoðarlaust tekist á við nein þau áföll, sem meiri háttar teljast. Ekki er heldur hægt að gleyma því að atvinnulíf í Súðavíkþorpi er einhæft og hvílir á einu fyrirtæki, Frosta h.f., sem nýlega hefur verið í fréttum vegna vandkvæða aðaleigandans Togs h.f. að greiða Súðavíkurhreppi söluverð hlutar síns.

Reyndar var atvinnulíf í Súðavík ekki meginnefni þessara skrifa.

Fasteignir keyptar í Hnífsdal

Óg þá að Ísafjarðarbæ, sem einnig er nýtt sameinað sveitarfélag og tók sú sameining gildi 1. júní 1996. Innan marka þess eru Flateyri, en þar féll snjóflóð, er kostaði 20 manns lífið 26. október 1995, og Hnífsdalur, en byggð norðan til í honum er á snjóflóðahættusvæði.


Fyrr er getið um snjóflóðavarnir á Flateyri, stóra garða, risaveggi, sem leiða eiga snjóinn fram hjá byggð. Álit sérfræðinga, innlendra jafnt og erlendra er að þær muni reynast fullnægjandi. Í Hnífsdal hefur stundum verið rætt um girðingar á upptakasvæðum snjóflóða efst í fjallinu ofan byggðar. Þetta er hinn kosturinn og var notaður á Siglufirði, þar sem 39 manns urðu að yfirgefa heimili sín í síðustu viku.

Uppkaup reyndust leiðin í Hnífsdal. Fasteignir voru keyptar af íbúum í Smárateig og Fitjateig og næsta nágrenni. Íbúatölur bera þess merki, íbúum hefur fækkað þar um 69 milli árána 1995 og 1996. Væntanlega kemur því ekki til rýmingar húsa þar í bráð.

Ekki hefur heyrst í bæjarstjóra kvarta undan 10% hluta Ísafjarðarbæjar í uppkaupum og öðrum snjóflóðavörnum, og er þó í mörg horn að líta.

Þar nýtur sín væntanlega hagkvæmni stærðarinnar, fjölda íbúanna. Byrðarnar dreifast þá víðar. Hér eru kominn enn ein rökinn fyrir sameiningu Ísafjarðarbæjar, Súðavíkur og reyndar Bolungarvíkur.

- Stakkur



TOPP 10
MYNDBÖND
HJÁ
VÍDEÓHÖLLINI

1. The Rock
2. Down Periscope
3. From Dusk till Dawn
4. Trainspotting
5. Cable Guy
6. The Juror
7. Primal Fear
8. Kingpin
9. Mullholland Falls
10. Agnes

http:3 góðar a NETINU

http://www.bryanadams.com
Söngvarinn Bryan Adams hefur sett upp heimasíðu. Á henni er hægt að nálgast fréttir af kappi og upplýsingar um tónleikaferðir og margt fleira.

http://www.passport2.com
Hefur þú prufað að spila brids yfir Netið. Á þessari heimasíðu eru allar upplýsingar um hvernig er hægt að spila brids heimshorna á milli.

http://www.britannica.com
Encyclopaedia Britannica er fyrsta alfræðiorðabókin sem kemur á Netið.

SPÓLAN TÆKINU

The Cable Guy
Hann er kominn aftur maðurinn með gúmmí andlit. Að þessu sinni leikur hann kapalmann sem enga ósk heitari en að eignast vin. Bráðskemmtileg og margslungin mynd sem þú ættir ekki að láta fram hjá þér fara.

HELGAR veðrið

Horfur á fimmtudag, föstudag og laugar- dag: Suðlæg átt, allhvöss um vestanvert landið en annars heldur hægari. Súld um sunnan- og vestanvert landið enn annars þurrt. Hægt hlýnandi veður, hiti víða 3-6 stig á föstudag og laugar- dag.

Horfur á sunnudag og mánudag: Suðvestan stinningskaldi og el um vestanvert landið en þurrt og víðast léttskýjað sunnan til. Hiti nálægt frost- marki.

Til sölu sjálfskiptur **Mitsubishi Pajero** árg. 1995 upplýsingar í síma 456 3906 á kvöldin.

Til sölu **tölvuborð**. Upplýsingar í síma 456 4338

Til sölu Artic Cat Cougar **vélsleði** árg. '87. Skipti á tölvu koma til greina. Uppýsingar í síma 456 7507, eftir kl. 17.

Gamall Bosch **ískskápur** til sölu á kr. 4000. Upplýsingar eru gefnar í síma 456 3421

Til sölu 2ja ára, lítið notað, Samsung **videótæki**. Upplýsingar í síma 898 5616

Óska eftir notuðum **búðarkassa**. Upplýsingar í síma 456 3417

Til sölu Mitsubishi **Lancer** 4x4 Station árg. '88 og Toyota Carina árg. '88. Upplýsingar í síma 456 3052

Til sölu Artic Cat Special **vélsleði** árg. '92. Góð greiðslukjör. Upplýsingar eru veittar í síma 456 4244 og vs. 456 4566

Sófi til sölu. Allar nánari upplýsingar í síma 456 5053

Til sölu eða leigu **einbýlishúsið** að Hjallabyggð 9 Suðureyri sem er 132m² ásamt 70m² bílskúr. Laust 1. febrúar. Söluverð 5 millj. Leiga 28 þús. á mánn. Upplýsingar í síma 567 6217 eftir kl. 20.

Volvo 340 DL árg. '85 til sölu. Selst ódyrt. Upplýsingar í síma 456 4030 á kvöldin.

Til sölu 143m² **einbýlishús** ásamt 40m² bílskúr að Fagraholti 3. Ásett verð kr. 11,8 millj. Upplýsingar í síma 456 3928 eða 456 4323. Erlingur Tryggvason.

Óska eftir að kaupa **hamstra** og búr. Upplýsingar í síma 456 6216, Ester.

3ja herb. **íbúð** til sölu í Þverholti, Reykjavík. Góð staðsetning og gott útsýni. Upplýsingar í síma 456 4682 eftir kl. 19.

Grunnvíkingar! Þorrablót Grunnvíkings verður haldið í Hnífsdal laugardaginn 8. febrúar. Nánar auglýst síðar. Nefndin.

Óska eftir góðum **fjölskyldubíl** á verðinu 700-800 þús. Er með vel með farinn Isuzu Trooper árg. '82. Stað-

littinn pening. Upplýsingar í síma 456 7418

Til leigu 4 herbergja **íbúð** á eyrinni. Upplýsingar í síma 551 3774

Til sölu **BMW** 316 árg. '82. Góður bíll, nagladekk og sumardekk fylgja. Upplýsingar í síma 456 3564 og 853 6618

Til sölu önnur og þriðja hæð að **Aðalstræti 22b**. Seljast saman eða sín í hvoru lagi. Upplýsingar í síma 456 3257 eftir kl. 19.

Til sölu fasteignin Seljalandsvegur 68, sem er 198m² bjart og rúmgott **einbýlishús**. Skipti á minni eign á Ísafirði eða á höfuðborgarsvæðinu koma til greina. Upplýsingar í síma 456 4786

KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁUGLÝSINGAR

Til sölu vel með farinn **garnastóll** á kr. 4000,- Einnig lítið skiptiborð á kr. 1000,- Upplýsingar í síma 456 4727

Toyota Cressida skutbíll, árg. '82, til sölu. Bíllinn er í góðu lagi og hjá sömu fjölskyldu í 9 ár. Verð kr. 100 þús. Upplýsingar í síma 456 4057

Til sölu **sófasett** með leður áklæði ásamt 2 borðum, 2 svefnbökkjum og litlum ísskáp. Upplýsingar í síma 456 4075

Til sölu **Weiderlyftingarbekkur** ásamt lóðum. Verð kr. 17 þús. Upplýsingar í síma 456 3727

Til sölu **Hyundai Elantra** '96, sjálfskiptur ekkinn 18 þús. Sumar og vetrardekk, góð kjör. Upplýsingar í síma 456 7467, vs. 854 0959

greiðsla. Upplýsingar í síma 456 5323 og vs. 456 4500

Skotmót í loftskambyssu verður haldið í íþróttahúsinu við Austurveg sunnudaginn 26. janúar kl. 15-18. Vegleg verðlaun og viðurkenningar. Öllum frjálst að mæta. Gjald kr. 500,- Skotfélag Ísafjarðar.

Grunnskóla- og framhaldsskólamenar! Tek að méréaukatíma í íslensku, ensku, þýsku, frönsku og stærðfræði. Upplýsingar í síma 456 4775 á kvöldin. Hrafnhildur.

Get bætt við mig verkefnum. **Maggi Murrari** í síma 456 7120

Til sölu **Polaris Indy vélsleði** árg. 1992, ekkinn 5.500 mílur. Upplýsingar í síma 456 4015 eftir kl. 17.

Óska eftir gömlum **húsgögnum** fyrir

Hjólaskófla til sölu

Til sölu er Fiat Allis 645B hjólaskófla. Árg. 1970. Nánari upplýsingar í síma 566 6313



UM HELGINA

ÍSÁFJARÐARBÍÓ

Diskótek

Föstudags- og laugardagskvöld til kl. 03:00

18 ára
aldurstakmark



Hefur þú prófað okkar vinsælu hálfmána með skinku og aspasyfllingu

Ostafylltir pizzubarmar Tvær bragðtegundir


- endalausar pizzur



Jingle all the way

Fimmtudag kl. 21:00
Föstudag kl. 21:00
Sunnudag kl. 17:00 og 21:00

Helgardagskráin



Föstudagur

- 09.00 Sjónvarpsmarkaðurinn
- 13.00 Hvíl í friði, frú Colombo
- Rest In Peace Mrs. Colombo
- Kona ein ákveður að hefna sín á tveimur mönnum sem hún telur að beri ábyrgð á dauða manns síns í fangelsi. Eftir að hafa myrt annan manninn flytur hún inn á hinn manninn, en það er enginn annar en lögregluforinginn Colombo. Hún ætlar að myrða konu hans.
- 14.35 Sjónvarpsmarkaðurinn
- 15.00 Út í loftið
- 15.30 NBA-tilþrif
- 16.00 Kóngulóarmaðurinn
- 16.25 Sögur úr Andabæ
- 16.50 Myrkfælnu draugarnir
- 17.15 Mínus
- 17.20 Vatnaskrímilin
- 17.30 Glæstar vonir
- 18.00 Fréttir
- 18.05 Íslenski listinn
- 19.00 19 > 20
- 20.00 Lois og Clark (13:22)
- 21.00 Flekklaus ferill
- Serving In Silence: The Margarethe Cammermeyer Story
- Aleitinn mynd um Margarethe Cammermeyer sem eftir 24 ára starf sem herhjúkrunarkona vörðkennir að hún sé lesbía.
- 22.35 Reyfari
- Pulp Fiction
- Víðfræg bíómynd eftir Quentin Tarantino um lífið á bak við draumkennit yfirborð Hollywood-borgar.
- Stranglega bönnuð börnum.
- 01.10 Hvíl í friði, frú Colombo
- Rest In Peace Mrs. Colombo
- Sjá umfjöllun að ofan.
- 02.45 Dagskrárlok

Laugardagur

- 09.00 Með afa
- 10.00 Villti Villi
- 10.25 Bibí og félagar
- 11.20 Skippy
- 11.45 Soffía og Virginia
- 12.10 NBA-molar
- 12.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
- 12.55 Suður á bóginn (17:23)
- 13.40 Lois og Clark (15:22)
- 14.25 Fyndnar fjölskyldumyndir
- 14.50 Aðeins ein jörð
- 15.00 Nornabingíð
- 16.30 Andrés önd og Mikki mús
- 17.00 Oprah Winfrey (e)
- 17.45 Glæstar vonir
- 18.05 60 mínútur (e)
- 19.00 19 > 20
- 20.00 Smith og Jones (6:13)
- 20.35 Vinir (18:24)
- 21.10 Ekkjuháð
- Widows Peak
- Myndin gerist á þriðja áratugnum í frska þorpinu Kilshannon sem stendur undir Ekkjuháð. Við kynnumst ekkjum sem gera lítið annað en að slúðra. Tvær þeirra elda grátt silfur saman og lýsa yfir stríðið hvor gegn annari.
- 22.55 Ed Wood
- Ogleymanleg mynd frá leikstjóranum Tim Burton um misheppnasta kvikmyndagerðarmann allra tíma, Ed Wood.
- 01.00 Af öllu hjarta
- Map Of The Human Heart
- Eskimóinn Avik kemst í kynni við kortagerðarmann úr hernum. Með honum og einum liðsforingjanum, Walter Russell, takast góð kynni. Þegar Avik veikist af berklum sér Walter til þess að honum er komið á sjúkrahús í Montreal. Bönnuð börnum.
- 02.45 Dagskrárlok

Sunnudagur

- 09.00 Bangsar og bananar
- 09.05 Kollí kátí
- 09.30 Heimurinn hennar Ollu
- 09.55 Í Eriþorg
- 10.20 Trillurnar þrjár
- 10.45 Eyjarklíkan
- 11.10 Ein af strákunum
- 11.35 Stormsveipur
- 12.00 Íslenski listinn (e)
- 13.00 Íþróttir á sunnudegi
- 16.00 DHL Deildin í körfubolta
- 17.45 Glæstar vonir
- 18.05 Í sviðsljósinu
- 19.00 19 > 20
- 20.00 Chicago-sjúkrahúsið
- 20.55 Gott kvöld með Gísla Rúnari
- 22.00 60 mínútur
- 22.50 Úrslitaleikurinn í ameríska fótboltanum
- NFL - Super Bowl
- Bein útsending frá Super Domehöllinni í New Orleans þar sem tvö bestu lið NFL-deildarinnar í ameríska fótboltanum leiða saman hesta sína.
- 00.45 Dagskrárlok

Föstudagur

- 16.45 Leiðarljós
- 17.30 Fréttir
- 17.35 Sjónvarpskringlan
- 17.50 Táknálsfréttir
- 18.00 Höfri og vinir hans (5:26)
- 18.25 Myndasafnið
- 18.50 Fjör á fjölbraut (23:26)
- 19.50 Veður
- 20.00 Fréttir
- 20.35 Happ í hendi
- 20.40 Dagsljós
- 21.15 Hafnabollaliðið
- Past the Bleachers
- Bandarísk fjölskyldumynd frá 1995. Maður, sem misst hefur son sinn, gerist þjálfari hafnabollaliðs og hitir þar ungan pilt sem veitir honum nýja sýn á lífið.
- 22.50 Hjónaleysin (4:13)
- 23.40 Á morgun tökum við út ...und Morgen gehn wir abheben
- Þýsk sakamálamynd frá 1994 um tvær konur sem hittast fyrir tilviljun þegar þær ræna sama bankann. Þær taka saman höndum, halda iðjusinni áfram og deila feng sínum jafnan út til þurfandi fólks. Lögreglan reynir að hafa hendur í hári þeirra en á hælum þeirra er líka dularfullur maður sem þeim tekst ekki að hrista af sér.
- 01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 10.45 Sýrpan
- 11.15 Hlé
- 15.45 Sjónvarpskringlan
- 16.00 Íþróttabátturinn
- Sýnt verður frá alþjóðlegu frjálsíþróttamóti í Laugardalshöll.
- 17.50 Táknálsfréttir
- 18.00 Ævintýraheimur (13:26)
- 18.30 Hafgúan (17:26)
- 19.00 Lífið kallar (17:19)
- 19.50 Veður
- 20.00 Fréttir
- 20.35 Lottó
- 20.45 Enn ein stöðin
- Spaugstofumennirnir Karl Agust, Pálmi, Randver, Sigurður og Öm bregða á leik eins og þeim einum er lagið.
- 21.15 Indiana Jones og flugvélasmíðirnir
- Young Indiana Jones
- Bandarísk ævintýramynd frá 1994. Flugvél Indiana Jones er skotin niðu yfir Þýskalandi í fyrri heimsstyrjöld og hann tekinn til fanga. Honum tekst að flygja með ævintýraleikum hætti og snýr síðan aftur til Þýskalands í njósnafor.
- 22.55 Leiftursýn
- Blink
- Bandarísk spennumynd frá 1994. Kona er myrt í húsi þar sem blinda tónlistarkonan Emma býr og verður hún ein vör við morðingjann. Lögreglan telur hana ekki geta vitnað vegna sjóndeprunnar en morðunum fjölga og ekki er við annað að styðjast en framburð Emmu. Morðinginn lírir einhvers staðar í leyni og Emma er í mikilli hættu.
- 00.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 10.45 Hlé
- 13.00 Kvótakerfið
- Umræðubáttur í beinni útsendingu.
- 14.55 Samferðamaðurinn
- Travelling Companion
- 16.25 Stíkilsberjatonlistin
- The Huckleberry Tunes
- 17.25 Nýjasta tækni og vísindi
- 17.50 Táknálsfréttir
- 18.00 Stundin okkar
- 18.30 Sterkasti maður heims
- 19.00 Geimstöðin (1:26)
- 19.50 Veður
- 20.00 Fréttir
- 20.35 Leitar og björgunarhundar
- Ný fræðslu- og heimildarmynd um þjálfun hunda til björgunarstarfa á Íslandi.
- 21.10 Nýi presturinn (4:6)
- Ballykissangel
- Breskur myndaflokkur um ungan prest sem kemur til smábæjar á Írlandi.
- 22.05 Helgarsportíð.
- 22.30 Arnau (2:3)
- Spenskur myndaflokkur um ævintýri Arnau greifa á 11. öld.
- 00.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

ÍSÁFJÖRÐUR:

- Vitinn: Söluturn í fullum rekstri 34m² húsnæði á besta stað í bænum. Nánari upplýsingar á skrifstofu. Tilboð óskast.
- Dalbraut 10: 115m² einbýlishús ásamt bílskúr. Skipti á íbúð í Hafnarfirði koma til greina. Verð: 7.800.000,-
- Stórholt 11: 3ja herbergja íbúð á 3. hæð fyrir miðju. Laus. Verð 4.300.000,-
- Miðtún 31: 190 m² endaraðhús á 2 hæðum. Tilboð óskast.
- Mánagata 6: Efri hæð 155m² 5-6 herbergja. Laus fljótlega. Verð: 6.300.000,-
- Silfurgata 11: 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Verð: 4.000.000,-
- Stakkanes 6: Rúmlega 140m² raðhús ásamt bílskúr og sólstofu. Verð 11.500.000,-
- Strandgata 5: U.þ.b. 65m² 3ja herbergj íbúð á efri hæð í fjölbýli. Laus. Góð greiðslukjör.
- Strandgata 7: Þetta hús er nú til sölu á aðeins kr. 6.500.000,-
- Pólgata 4: 5 herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.600.000,-
- Urðarvegur 60: Glæsilegt raðhús, alls rúmlega 200m², ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á eyrinni koma til greina. Tilboð.



Sunnuholt 1: Eitt glæsilegasta einbýlishúsið í bænum. 277m² ásamt 40m² bílskúr. Verð 15.500.000,-



Traðarland 10: Einbýlishús ásamt bílskúr.

Verð: 7.200.000,-

BOLUNGARVÍK:

- Kirkjuvegur 2: 214m² glæsilegt einbýlishús. Laust samkvæmt samkomulagi.
- Disarland 8: Tvílyft einbýlishús með innbyggðum bílskúr, samtals 290m². Mjög gott útsýni. Tilboð.
- Ljósaland 6: 2x126m² einbýlishús. Hagstæð lán. Verð: 7.500.000,-
- Hafnargata 46: Allt húsið. Selst ódyrt.
- Hlíðarstræti 7: 110m² einbýlishús ásamt tvöföldum bílskúr. Verð: 6.000.000,-
- Holtabrún 6: 230m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 10.000.000,-
- Holtagata 9: Lítið og snyrtilegt einbýlishús úr timbri. Húsið er laust. Verð: 3.800.000,-
- Skólastígur 20: 140m² á 2. hæð í parhúsi. Verð: 1.600.000,-
- Stigahlíð 2 og 4: 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Verð: 1.500.000,- til 3.000.000,-
- Traðarland 24: 200m² einbýlishús í lélegu ástandi. Selst ódyrt á góðum kjörum.
- Vitastígur 11: Neðri hæð. 82m² 3ja herbergja íbúð. Tilboð óskast.
- Vitastígur 21: 3ja herbergja íbúð á efri hæð. Laus eftir samkomulagi. Verð: 2.600.000,-
- Völusteinsstræti 4: 2x126m² einbýlishús. Skipti á minni eign koma til greina. Verð 9.500.000,-

SUÐUREYRI:

- Hlíðarvegur 3: 147m² tvílyft einbýlishús auk 40m² bílskúrs. Eignin er í mikilli niðurníðslu og selst ódyrt.
- Aðalgata 9: U.þ.b. 90m² einbýlishús.



Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk



Ísafjarðardjúp

Helmingur rækjukvótans veiddur

Rúmlega helmingur rækjukvótans í Ísafjarðardjúpi var kominn á land fyrir rúmri viku, eða 1.156 tonn af 2.300 tonna kvóta. Stærstur hluti aflans, rúm 712 tonn höfðu farið til vinnslu hjá Básafelli hf., á Ísafirði og tæp 159 tonn höfðu verið lögð upp til vinnslu hjá Bakka í Bolungarvík. Rúm 175 tonn hafa farið til vinnslu hjá Bakka í Hnífsdal og 109,4 tonn til vinnslu hjá

Frosta hf., í Súðavík. Aflahæsti rækjubáturinn til þessa er Aldan ÍS 47 frá Ísafirði með 90,4 tonn, þá kemur Halldór Sigurðsson ÍS-14 með 77,5 tonn, þá Örn ÍS-18 með 76,8 tonn, þá Gunnvör ÍS-53 með 72,7 tonn og fimmti aflahæsti rækjubáturinn er Stundvís ÍS-883 með 62,8 tonn. Framangreindar tölur eru fengnar frá Hafrannsóknastofnun á Ísafirði og miðast við 10. janúar síðastliðinn.



Rækjubátar sem stunda veiðar í Ísafjarðardjúpi höfðu veitt rúmlega helming kvótans þann 10. janúar sl.

Fyrrum framkvæmdastjóri Útgerðarfélagss BÍlddælinga hf.

Dæmdur til fangelsisvistar fyrir skattalagabrot

Fyrrum framkvæmdastjóri Útgerðarfélagss BÍlddælinga hf., á BÍldudal, hefur fyrir héraðsdómi Vestfjarða, verið dæmdur til 10 mánaða fangelsisvistar fyrir brot á skattalögum. Fyrrum stjórnarformaður fyrirtækisins var sýknaður af kröfum ákærvalds í málinu. Í dómsorði segir að fresta skuli fullnustu 8 mánaða af refsivist framkvæmdastjórans fyrrverandi og að hún skuli niður falla að liðnum tveimur árum frá dómsbirtingu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Þá var framkvæmdastjóranum gert að greiða 1.500.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, ella seta varðhaldi í 3 mánuði. Framkvæmdastjóranum var einnig gert að greiða 100.000 kr.

saksóknaralaun til ríkissjóðs auk þess sem honum var gert að greiða 2/3 hluta annars sakarkostnaðs. Málsvarnarlaun verjanda stjórnarmannsins, kr. 150.000, greiddast af ríkissjóði.

Málið var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 30. apríl 1996, á hendur fyrrum framkvæmdastjóra Útgerðarfélagss BÍlddælinga hf., og fyrrum stjórnarformanni fyrirtækisins, fyrir fjárdrátt og brot á skattalögum, framin á árunum 1992 og 1993 í rekstri Útgerðarfélagss BÍlddælinga hf., sem úrskurðað var gjaldþrota 20. ágúst 1993. Ákærðu var gefið að sök að hafa á árunum 1992 og 1993 vanrækt að standa ríkissjóði skil á virðisaukaskatti að fjárhæð kr. 10.985.285, sem innheimtur var af félaginu. Þá

var ákærðu gefið að sök að hafa, á árinu 1993 vanrækt að standa ríkissjóði skil á kr. 764.502, sem þeir héldu eftir af launum starfsmanna félagsins samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þá var ákærðu gefið að sök að hafa á árunum 1992 og 1993, við útborgun launa til starfsmanna félagsins, haldið eftir af launum samtals kr. 769.773, sem ganga átti til greiðslu á iðgjöldum starfsmanna til lífeyrissjóða og stéttarféлага, en eigi staðið skil á því fé eins og skylt var samkvæmt 2. málslíð 2. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrissjóða nr. 55/1980, heldur dregið félaginu fé og notað í rekstur þess.

Í niðurstöðu dómsins segir að annar ákærðu hafi verið framkvæmdastjóri Útgerðarfélagss BÍlddælinga hf., frá upphafi og beri því ábyrgð á daglegum rekstri félagsins, þar á meðal fjárreiðum. Hinn aðilinn var á sama tíma formaður stjórnar, en lét af störfum á skrifstofu félagsins, 15. júlí 1992 og hafði eftir það engin afskipti af daglegum rekstri þess. Sá framkvæmdastjórinn þannig um innheimtu og skil á virðisaukaskatti og afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda á því tímabili, sem 1. og 2. kafli ákæru lúta að og bar ábyrgð á að haldið væri eftir af launum starfsmanna félagsins iðgjöldum til þeirra lífeyrissjóða og stéttarféлага, sem tilgreind eru í ákæru.

Þá segir í niðurstöðu dóms-

ins að hvorki verði ráðið af framburði ákærðu, vitna, né framlögðum gögnum, að framkvæmdastjórinn hafi rétt sérstaklega á stjórnarfundum eða upplýst stjórn með öðrum hætti, að félagið stæði ekki skil á framangreindum gjöldum. Er þannig ósannað, gegn neitun ákærða, fyrrum formanns stjórnar, að hann hafi vitað eða mátt vita um þau vanskil félagsins. „Ber því að sýkna hann af ákæru í málinu,” eins og segir í dómsniðurstöðu.

Verjandi stjórnarformannsins fyrrverandi var Ágúst Sindri Karlsson, hdl. Verjandi framkvæmdastjórans var Gunnar Jakobsson hdl. Gunnar lýsti því yfir á málflutningsdegi, að hann krefðist ekki greiðslu málsvarnarlaun. Dóminn kvað upp Jónas Jóhannsson.

Vestfirðir

Kaupir Ísafjarðarleið keppinautinn?

Samkvæmt upplýsingum blaðsins munu samningaviðræður um kaup Ísafjarðarleiðar hf., á bifreiðum Vöruflutninga Ármanns Leifssonar í Bolungarvík, vera á lokastigi.

Ekki mun vera um að ræða kaup á fyrirtæki Ármanns Leifssonar í heild, heldur einungis kaup á bifreiðum og búnaði þeim tengdum. Á síðasta ári keypti Eimskip 60% hlutabréfa í Ísafjarðarleið og munu þessir aðilar, samkvæmt upplýsingum blaðsins, hafa átt í viðræðum við nokkra flutningsaðila.

Framangreindar upplýsingar fengust ekki staðfestar hjá framangreindum.



Fyllum Jakann!

KFÍ - ÍR

Sunnudaginn 26. janúar kl. 20:00

Fyllum Jakann!

GVENDUR FYRINNI